RENUKA PERERA

*Eldar svart svínakarrí frá Srí Lanka*

• matur

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




ÍSAK FREYR HELGASON

*Kynhneigðin kom snemma í ljós*

Föstudagur

Í MIÐJU BLAÐSINS









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. júní 2009 — 132. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000



**FÖSTUDAGUR**



**Elsti grunnskóli bæjarins**

Flataskóli í Garðabæ á 50 ára afmæli á morgun.

TÍMAMÓT 18

**Leikstýrir í fyrsta sinn**

Jón Atli Jónasson frumsýnir einleikinn Djúpið.

FÓLK 24




**Táknmynd hrunsins**

Hin fleygu orð Gunnars Más lifa lengi í minningunni.

FÓLK 34

**Brothættur hópur**

Landsliðshópurinn í handbolta er talsvert breyttur og afar brothættur.

ÍÞRÓTTIR 30




**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART EYSTRA** Í dag verður hæg breytileg átt. Bjartviðri á Austurlandi, skýjað með köflum norðaustan til annars skýjað og hætt við lítilsháttar vætu. Hiti 8-16 stig hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4

# Áfangi í Icesave-deilu kynntur í ríkisstjórn

**Sendinefndir á vegum Breta og Hollendinga eru staddar hér á landi og funduðu um lausn á Icesave-deilunni fram eftir kvöldi í gær. Ráðherrar bjartsýnir.**

**EFNAHAGSMÁL** Möguleg lausn á Icesave-deilunni verður kynnt í ríkisstjórn í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður tekin afstaða til þess hvort sú leið sé fær eða ekki. Það þarf þó ekki að þýða að lausn finnist á deilunni því ef íslensk stjórnvöld hafna þessari leið eru samningar enn þá opnir.

Deila um Icesave-reikningana hafa staðið lengi yfir. Upphaflega átti að ljúka viðræðunum í síðasta mánuði. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir þær hafa tafist vegna ástandsins í Bretlandi. Þar vísar fjármálaráðherra bæði til vandræða Verkamannaflokksins breska og versnandi efnahagsástands þar í landi, sem hefur ekki liðkað fyrir viðræðunum.

Steingrímur segist enn bjartsýnn á að ásættanleg niðurstaða náist og að hún verði betri en fyrstu tölur gáfu til kynna. Fleiri ráðherrar sem Fréttablaðið ræddi við tóku í sama streng og sögðu verstu mögulegu útkomu viðræðnanna alltaf vera betri niðurstöðu, fyrir Íslendinga, en upphaflega var ætlað.

Deilan um Icesave í Bretlandi hefur snúist um hvert raunverulegt virði eigna Landsbankans þar í landi sé og hvaða vaxtafyrirkomulag eigi að vera á samningum. Þá eru einnig áhöld um hvernig greiðslum skuli háttað.

Samninganefndir breskra og hollenskra stjórnvalda eru staddar hér á landi. Þær funduðu með íslensku nefndinni fram á kvöld í gær.

Sáttatillagan verður einnig kynnt í utanríkismálanefnd og þingflokkum stjórnarflokkanna í dag.

- bþs, kóp, kh



**FJALLGÖNGUMENN FRAMTÍÐARINNAR** Leikskólabörn úr Laugaborg og Garðaborg nánast hlupu í gær upp Esjuhlíðar undir styrkri stjórn fulltrúa Ferðafélags Íslands. Fjallgangan var þáttur í undirbúningi stofnunar Ferðafélags barnanna síðar í mánuðinum. Ætlunin er að bjóða upp á sérstakar ferðir á forsendum barna og fjölskyldna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tekist á um fyrningu:

## Fyrningarleið háð breiðri sátt

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrningarleið í sjávarútvegi verður ekki farin ef sannast að hún hafi neikvæð áhrif á byggðirnar í landinu. Þetta kom fram í máli Atla Gíslasonar, þingmanns Vinstri grænna, á málþingi í Vestmannaeyjum í gær.



ELLIÐI VIGNISSON

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Eyjum, sagði að fella þyrfti leiðina út af stefnuskrá stjórnarflokkanna. Hugmyndin ein, og umræða um hana, væri tekin að skaða sjávarútvegsbyggðirnar nú þegar.

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, minnti á af hverju fyrningarleið væri rædd yfirleitt; flótti úr greininni með tilheyrandi skaða fyrir byggðirnar í landinu, sem væri öllum ljós.

- shá / sjá síðu 10

Tvö tónskáld verðlaunuð:

## Silfurdrengir tónlistarinnar

**MENNING Félag tónskálda og textahöfunda (FTT) veitti Óskari Páli Sveinssyni og Þorvaldi Bjarna Þorvaldssyni verðlaun í gær en þeir hafa báðir átt lag sem hreppt hefur annað sæti í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva; Óskar Páll fyrir lag sitt „Is It True“ sem flutt var í Moskvu í síðasta mánuði og Þorvaldur Bjarni fyrir lagið „All Out Of Luck“ sem var framlag Íslands árið 1999 í Ísrael.**

**„Þetta eru verðskulduð silfurverðlaun,“ segir Jakob Frímann Magnússon, formaður FTT. „Þau jafnast kannski ekki á við 20 fálkaorður og 50 milljóna króna silfursjóð en þau eru hugheil viðurkenning okkar félags á frábærum árangri þessara tveggja silfurdrengja íslenskrar tónlistar.“**

- jse

Seðlabankinn tilkynnti um eins prósents lækkun stýrivaxta í gær:

# Ekki gert eftir forskrift AGS

**EFNAHAGSMÁL** Forsvarsmenn Seðlabanka Íslands neita því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hafi ráðið nokkru um ákvörðun bankans sem tilkynnti um lækkun stýrivaxta um eitt prósent í gær.

Við síðustu vaxtaákvörðun í maíbyrjun voru vextir lækkaðir um 2,5 prósent og boðað að lækkunin yrði vegleg næst. Síðan þá hefur sendinefnd AGS lýst því yfir að hún hafi verið mótfallin vaxtalækkun nú. Nú segja forsvarsmenn Seðlabankans að ekki verði tekin stærri skref í lækkun stýrivaxta meðan ekki liggur fyrir áætlun um tilhögun ríkisfjármála.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með að lækkunin hafi ekki verið meiri. Hún segir enn fremur að peningastefnunefnd Seðlabankans hafi verið ljós margvísleg áform stjórnvalda í ríkisfjármálum og ekkert hafi gefið tilefni til að ætla að ekki verði staðið við þau.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að með þessari ákvörðun bankans sé búið að kippa forsendunum fyrir launahækkunum í burtu og að viðræður um kjarasamninga fari að óbreyttu aftur á byrjunarreit.

- óká, bþs, jse / sjá síðu 4 og 6










**SPURNING DAGSINS**



*Gunnhildur, kemur Rauði krossinn til hjálpar ef menn vita ekki svarið?*

„Ja, nú er tækifæri fyrir fólk að sjá hvernig Rauði krossinn bregst við þegar mest á reynir.“

Haldin verður spurningakeppni í Rauða kross-húsinu í kvöld í tilefni af því að spilið „Spurt að leikslokum“ kemur þá út. Gunnhildur Sveinsdóttir er verkefnastjóri hjá Rauða krossinum.

Sjö hrefnur hafa nú veiðst frá því að Jóhanna ÁR hóf veiðar í síðustu viku:

# Halda sig vel innan línunnar

**SJÁVARÚTVEGUR** Búið er að veiða sjö hrefnur frá því að veiðar hófust 26. maí. Fjórar veiddi áhöfn Jóhönnu ÁR á miðvikudaginn.

„Það hefur allt gengið vel, vinnslan og skurður um borð. Salan er líka framar vonum,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna.

Hvalaskoðunarfélag Íslands sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem sagt er að Jóhanna ÁR hafi verið alltof nálægt hvalaskoðunarskipum á miðvikudaginn.

„Hvalaskoðunarsamtök Íslands ítreka að veiðar og hvalaskoðun geta ekki farið saman og það að leyfa veiðar í svo mikilli nálægð við svæðin eins og raun ber vitni er fásinna, nema að tilgangurinn sé að gera út af við hvalaskoðun á Íslandi,“ segir í yfirlýsingunni.



**HREFNA** Hvalaskoðunarfélag Íslands segir fásinnu að leyfa veiðar í mikilli nálægð við hvalaskoðun.

Gunnar Bergmann segir Jóhönnu ÁR alltaf vera langt fyrir utan svæðin sem kölluð eru hvalaskoðunarsvæði.

„Þeir verða bara að passa sig að halda sig innan þessarar línu sem liggur í kringum 12 mílurnar,“ segir Gunnar. Í reglugerð eru hvalveiðar á tilteknum svæðum bannaðar.

Stefnt er að því að klára hrefnukvótann, hundrað dýr, í sumar og haust. Af þeim sjö dýrum sem veiðst hafa eru fimm tarfar og tvær kýr.

„Kjötið af kvendýrunum er betra. Við veiddum þær utarlega og munum fara þangað meira í sumar. Við höfum verið að fara 50 mílur út frá Gróttu og þar er allt krökkt af hrefnu,“ segir Gunnar Bergmann. - vsp

Flugslysið í Atlantshafi:

## Ættingjum sagt að gefa upp von

**FRAKKLAND, AP** Enginn möguleiki er á því að nokkur hafi lifað af flugslysið yfir Atlantshafi á sunnudagskvöld. Þetta hafa forsvarsmenn flugfélagsins Air France sagt ættingjum þeirra sem voru um borð í vélinni.

Margar kenningar eru uppi um það hvers vegna og hvernig vélin hrapaði. Á miðvikudag fannst löng olíubrák í sjó í nágrenni braks og þótti það benda til þess að vélin hefði ekki brotnað fyrr en hún lenti í sjónum. Í gærdag sagði svo einn rannsóknarmannanna að sjálfvirk skilaboð frá vélinni bentu til þess að vélin hefði brotnað í sundur í loftinu. - þeb

Hæstiréttur lækkar bætur:

## Refsing staðfest í Keilufellsmáli

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest refsidóma yfir þremur mönnum sem réðust með ofbeldi inn í íbúðarhús í Keilufelli í Breiðholti í mars í fyrra. Þremenningarnir, Marcin Labuhn, Robert Kulaga og Tomasz Roch Dambski, voru allir dæmdir í tveggja og hálfs árs fangelsi.**

**Hæstiréttur lækkar hins vegar bæturnar sem þeim er gert að greiða fórnarlömbum sínum um rúman helming.**

**Mennirnir réðust ásamt öðrum inn í húsið og stórslösuðu sjö íbúa með ýmsum vopnum, meðal annars járnstöng, hamri, sleggju, járnröri, gaddakylfu, golfkylfu, hafnaboltakylfu, hníf og öxi.** - sh

Fékk fjögurra ára fangelsi:

## Braut á fimm ára stúlkubarni

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertugur karlmaður hefur verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi í Hæstarétti, auk greiðslu miskabóta að upphæð 800 þúsund krónur, vegna kynferðisbrots gegn fimm ára stúlku í september 2008. Hann ruddist inn í svefnherbergi húss þar sem litla telpan svaf við hlið ömmu sinnar. Hann færði telpuna úr náttbuxum og nærbuxum og áreitti.

Maðurinn, Jóhann Sigurðarson, neitaði sök og bar við minnisleysi vegna áfengisneyslu. Fingrafar hans sem fannst innan á rúðu og hráki á tröppum hússins, reyndist við DNA-rannsókn vera úr manninum. Þá passaði lýsing ömmunnar við hann. Dómurinn taldi því að fram væri komin sönnun um að hann hafi brotist inn í húsið og verið staddur í svefnherberginu um nóttina. - jss

# Mönnum bjargað fyrir utan Sandgerði

**Tveir menn fóru í sjóinn þegar hafnsögubát hvolfdi við björgunarstörf. Hann hafði flækst í landfestar togarans Sóleyjar, sem var verið að draga af strandstað. Skipstjórinn var inni í stýrishúsi neðansjávar í allt að tvær mínútur.**

**SLYS** „Auðvitað verður manni brugðið. Maður væri ekki heilbrigður annars. Ég hef verið á sjó síðan ég var krakki og veit hvað sjórinn getur gert. Hann gefur og tekur,“ segir Karl Einar Óskarsson, annar hafnsögumannanna sem voru hætt komnir þegar bát þeirra hvolfdi í innsiglingunni í Sandgerði í gær.

Varðskipið Týr hafði verið ásamt dráttarbátum að draga af stað togarann Sóleyju Sigurjóns, sem hafði strandað í innsiglingunni, og var búið að toga hátt í klukkustund þegar skipið losnaði. Samkvæmt tilkynningu Landhelgisgæslunnar voru það landfestar Sóleyjar, sem tengdar voru í hafnsögubátinn, sem drógu hann á hliðina þegar Sóley losnaði, en Karl Einar vill ekki fjölyrða um hvers vegna fór sem fór, ekki fyrr en eftir sjópróf.



GUÐMUNDUR INGI ÓLAFSSON

Karl Einar var sjálfur úti á dekki og fór því beint í sjóinn. Hann var kominn í bát björgunarfélagsins Sigurvonar innan við hálfri mínútu síðar.

Skipstjóri bátsins, Aðalsteinn, var hins vegar inni í stýrishúsinu þegar bátnum hvolfdi og birtist ekki ofansjávar fyrr en eftir eina til tvær mínútur.

Guðmundur Ólafsson, formaður björgunarsveitarinnar Sigurvonar, segir björgunina sem slíka hafa gengið vel, þangað til bátnum hvolfdi. „Það var svolítið sjokk,“ segir hann.

„Það eru sjálfsagt margar ástæður fyrir þessu. En það var verið að draga þrettán hundruð tonna skip og við vorum á tiltölulega mikilli ferð. Þú stoppar ekki þrettán hundruð tonn á einu augnabliki,“ segir Guðmundur.

Í gærkvöldi vann köfunarfélag að því að ná hafnsögubátnum úr höfninni með því að koma belgjum á hann. Togarinn Sóley er talinn óskemmdur og sigldi undir eigin vélarafli til hafnar. „Þetta er mjög þykkt stál í honum, byggt fyrir ísinn við Grænland,“ segir Guðmundur. Ekki var vitað hvort olía hefði lekið úr togaranum í gær.

klemens@frettabladid.is



**Á STRANDSTAÐ** Litlu munaði að Tý tækist ekki að draga Sóleyju Sigurjóns á flot, en það tókst að lokum. MYND/VÍKURFRÉTTIR





**LAUS ÚR GREIPUM ÆGIS** Fagnaðarfundir urðu við höfnina þegar allir voru komnir heilu og höldnu úr volkinu.

Hernaðarandstæðingar:

## Fagna laxveiðiferðum banka

**FÓLK Samtök hernaðarandstæðinga (SHA) lýsa ánægju sinni með fréttir af laxveiðiferðum íslenskra banka- og sveitarstjórnarmanna í Rússlandi. Samkvæmt frétt í DV í gær voru rússneskar herþyrlur notaðar til að ferja veislustjórann, Gísla Martein Baldursson, og félaga milli veiðistaða á Kólaskaga.**

**„SHA taka ekki afstöðu til réttmætis þátttöku kjörinna fulltrúa í slíkum ferðum, en fagna að öðru leyti förinni, enda hafa viðkomandi herþyrlur þá ekki nýst til að drepa fólk á meðan, til dæmis í stríði Rússa í Tsjetsjeníu,“ segir í tilkynningu frá samtökunum.** - kg

Óvissa um sendiherrann:

## Sambandið við Kínverja óljóst

**UTANRÍKISMÁL** Ekkert er gefið upp um af hvaða sökum sendiherra Kínverja hefur verið kallaður heim, og hvort annar verður skipaður í hans stað.

Benedikt Jónsson, starfandi ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, neitar að ræða þetta við fjölmiðla, en segist ekki vita betur en að sendiherrann sé hér enn. Hann mælti með því að kínverska sendiráðið svaraði þessu.

Þar fékkst einungis staðfest að sendiherrann væri ekki farinn af landi brott, en sá sem varð fyrir svörum í sendiráðinu sagðist ekki vita meira um málið. - kóþ

**DÓMSTÓLAR**

### Þrír mánuði fyrir að rífa í hár

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir árás á tvo lögregluþjóna, konu og karl. Maðurinn var ósáttur við afskipti lögregluþjónanna af sér inni á skemmtistað, kýldi annan þeirra í brjóstkassann og reif síðan í hárið á þeim báðum.


**Umsóknarfrestur rennur út í dag!**

**Nám á framhaldsskólastigi og starfsnám:**
- Atvinnuflugmannsnám með blindflugsréttindum
- Einkaflugmannsnám
- Flugumferðarstjórn
- Flugrekstrarfræði
- Flugfreyju-/þjónanám
- ÍAK einkaþjálfari
- ÍAK íþróttaþjálfari

**Nám á háskólastigi:**
- Mekatróník tæknifræði
- Orkutæknifræði
- Frumkvöðlanám

**Undirbúningsnám fyrir háskólanám:**
- Háskólabrú, staðnám

**Nánari upplýsingar á www.keilir.net.**

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET


Formaður Framsóknarflokksins segir lán þegar töpuð og því óhætt að afskrifa:

# Ríkið ber ekki kostnað

**ALÞINGI** Þingmenn Framsóknarflokksins reyndu á Alþingi í gær að sannfæra stjórnarliða um ágæti tillögunnar um afskriftir hluta lána heimila og fyrirtækja. En allt kom fyrir ekki; stjórnarliðar sátu við sinn keip.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, mælti fyrir þingsályktunartillögu flokks síns. Sagði hann rangt, sem haldið hefur verið fram, að gríðarlegur kostnaður falli á ríkið verði leiðin farin. Í raun væri verið að lágmarka tap. Ekki væri um fjármagn ríkisins að ræða heldur lán sem bankarnir veittu og fjármögnuð voru af erlendum kröfuhöfum gömlu bankanna. Þau teljist nú að miklu leyti töpuð enda gangi skuldabréf þeirra kaupum og sölum á broti af upphaflegu verði. Sú staðreynd ætti að gefa tilefni til afskrifta gagnvart þeim sem tóku lánin.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði það ákaflega fallega hugsun að vilja leiðrétta þessi mál í heild sinni, líkt og hverja aðra skekkju. Sérstaklega ef menn héldu að það kostaði ekki neitt. En hann gæti ekki með nokkru móti séð að sú væri raunin. Það gæti ekki orðið útgjaldalaust fyrir ríkissjóð að færa niður eignasöfn upp á hundruð milljarða.

Undir lok máls síns lét Steingrímur að því liggja að tillaga Framsóknarflokksins væri alls ekki raunhæf. - bþs



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON




## Einstakt tilboð fyrir STÓRAR fjölskyldur í júlí

**50% afsláttur af ferðum fyrir börnin.**

Á Forum Residence er hægt að fá hálft fæði, morgunmat og kvöldmat, fyrir **12.600 kr.** á viku fyrir fullorðna.

Börnin fá helmingsafslátt og greiða **6.300 kr.**

### Forum Residence

★★★★

TYRKLAND – MARMARIS

VERÐ FRÁ VIKUFERÐ 3. júlí

**59.558 kr.**

**á mann í viku m.v. 2 með 4 börn.**
**Hálft fæði aðeins 8.400 kr. á mann.**

Nýlegt og glæsilegt íbúðahótel, við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í alla þjónustu, verslanir og veitingastaði. Sundlaugargarður með góðri aðstöðu til sólbaða, barnalaug og snakkbar. Íbúðirnar eru nýtískulegar og mjög rúmgóðar, með einu eða tveimur svefnherbergjum. Allar íbúðir með svölum, loftkældar með góðu eldhúsi, sjónvarpi, síma og þráðlausri nettengingu.

ÚRVAL·ÚTSÝN

MasterCard VISA

**Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000 – www.urvalutsyn.is**

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð 99.550 kr. m.v. tvo fullorðna. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

## GENGIÐ 04.06.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,54 | 123,12 |
| Sterlingspund | 200,55 | 201,53 |
| Evra | 173,48 | 174,46 |
| Dönsk króna | 23,289 | 23,425 |
| Norsk króna | 19,430 | 19,544 |
| Sænsk króna | 16,020 | 16,114 |
| Japanskt jen | 1,2695 | 1,2769 |
| SDR | 189,96 | 191,10 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

211,2067

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

**STÝRIVAXTALÆKKUN SEÐLABANKANS**

Þingmenn lýsa vonbrigðum en meta ástæðurnar með misjöfnum hætti:

# Björgvin G. skilur vaxtaákvörðunina

Þverpólitísk vonbrigði yfir lítilli stýrivaxtalækkun komu fram á Alþingi í gær. Þingmenn allra flokka – utan Borgarahreyfingarinnar – lýstu sárum vonbrigðum með að vextirnir hefðu aðeins lækkað í tólf prósent.

Stjórnarandstæðingar stóðu klárir á ástæðunni: ríkisstjórnin hefði ekki tekið á ríkisfjármálunum.

Illugi Gunnarsson, Sjálfstæðisflokki, sagði að auk þess að hafa ekki kynnt raunhæfa áætlun í ríkisfjármálum hefðu ríkisstjórninni verið mislagðar hendur í að koma saman bankakerfinu. Tryggvi Þór Herbertsson kallaði hátt vaxtastig aðgerðaleysiskostnað og Pétur Blöndal sagði ákvörðunina hafa valdið sér hryggð.

Gunnar Bragi Sveinsson, Framsóknarflokki, sagði ákvörðunina áfall og að ríkisstjórnin væri að bregðast. Birkir J. Jónsson sagði ástandið óviðunandi og Höskuldur Þórhallsson sagði lægri vexti koma öllum til góða.

Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingunni, sagði ófært að lækka vexti á kostnað gengisstöðugleikans og þar sem gengið hefði ekki styrkst væri varfærnisleg vaxtalækkun skiljanleg.

Árni Þór Sigurðsson, VG, lýsti vonbrigðum með litla lækkun en taldi málflutning stjórnarandstæðinga ómaklegan. Við værum að súpa seyðið af efnahagshruninu, hruni frjálshyggjunnar og slæmri efnahagsráðgjöf fyrri ríkisstjórnar. **- bþs**



**FRÁ ALÞINGI** Vonbrigðum og hryggð var lýst á þingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ríkið þarf að eyða óvissu

**Stærri skref í lækkun stýrivaxta verða ekki tekin fyrr en fyrir liggja ákvarðanir um aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum á árinu og stefna til miðlungslangs tíma. Náðst hefur árangur við lækkun bankavaxta. Afnám gjaldeyrishafta síðar á árinu kallar á meiri varfærni í ákvörðunum Seðlabankans.**

Stærri skref verða ekki tekin í lækkun stýrivaxta meðan ekki liggur fyrir áætlun um tilhögun ríkisfjármála. Þetta kom fram á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabanka Íslands í gær. Kynnt var eins prósentustigs lækkun stýrivaxta, sem nú standa í tólf prósentum.

Við síðustu vaxtaákvörðun í maíbyrjun voru vextir lækkaðir um 2,5 prósentustig og boðað að lækkun yrði vegleg næst. Í millitíðinni hefur komið fram að sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) var mótfallin vaxtalækkun nú, þar sem hún gæti ógnað stöðugleika krónu.

Forsvarsmenn Seðlabankans taka þó fyrir að AGS hafi ráðið nokkru um ákvörðunina, heldur þróun efnahagsmála, þótt peningastefnunefndin sé um margt sammála mati sjóðsins. Þannig hafi verið slakað verulega á peningalegu aðhaldi með verulegri lækkun vaxta eftir síðustu ákvörðun um stýrivexti. Þar með hafi verið náð árangri sem stefnt hafi verið að.

Um leið snúa ákvarðanir peningastefnunefndar í vaxtamálum að því að styðja við krónuna, að því er fram kom í máli Arnórs Sighvatssonar aðstoðarseðlabankastjóra og Sveins Haralds Øygard seðlabankastjóra.

Þá áréttuðu seðlabankastjórarnir að til stæði að aflétta gjaldeyrishöftum að hluta síðar á þessu ári og ákvarðanir í vaxtamálum þyrfti að miða við það. Aukinheldur sagði Arnór að með stærri skrefum í vaxtalækkunum yrði til meiri hvati til þess að fara í kring um gjaldeyrishöftin. „Við erum að reyna að byggja upp traust, en mjög lítið fer fyrir því í dag. Stærstu vandamálin því tengd er að á alþjóðlegum mörkuðum ríkir ekki traust á að ríkissjóður fái staðið við skuldbindingar sínar. En það mun hins vegar koma í ljós síðar á árinu að ríkissjóður getur það,“ segir hann, þótt ekki liggi það ljóst fyrir nú meðan ósamið er um ákveðin atriði. „Þegar liggja fyrir áætlanir í ríkisfjármálum þá dregur úr þessari óvissu og þá minnkar það vaxtabil sem við þurfum, en á þessari stundu liggur ekki fyrir hvert það vaxtabil verður.“

Í yfirferð sinni um helstu hagstærðir lýsti Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, raunar vonbrigðum með að utanríkisviðskipti hefðu ekki stutt við gengið með sama hætti og vonast hefði verið til. Þannig væri gengi krónunnar núna um tveimur prósentum veikara en eftir síðustu stýrivaxtaákvörðun og átta prósentum veikara en bankinn hefði gert ráð fyrir í síðustu spá.



**ÞÓRARINN G. PÉTURSSON**

Ástæður óhagstæðrar þróunar utanríkisviðskipta segir hann svo skrifast á alþjóðlegu fjármálakreppuna. Þórarinn segir þó mikilvægt að hafa í huga að magn útflutnings hafi haldist í horfinu. „Efnahagskreppan birtist okkur fyrst og fremst í lækkun á afurðaverði sem gefur okkur von um að utanríkisviðskipti geti batnað um leið og markaðir ná sér á strik.“

Þórarinn segir ekki ástæðu til að hafa ýkja miklar áhyggjur af heldur hægari hjöðnun verðbólgunnar. „Þótt hún hafi verið í hærri kantinum þá breytir það ekki stóru myndinni,“ segir hann og kveður spá um að verðbólga verði komin að 2,5 prósenta markmiði Seðlabankans á fyrri hluta næsta árs. Verðbólga nú sé gengisdrifin og þá hafi makaskiptasamningar á fasteignamarkaði áhrif til hækkunar sem tæpast séu marktæk. Um leið áréttar Þórarinn að aukning verðbólgu vegna skattahækkana, sem komið gæti til á næstunni, kalli ekki á bein peningastefnuviðbrögð. **olikr@frettabladid.is**



**BANKASTJÓRAR** Svein Harald Øygard seðlabankastjóri og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri kynntu yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabankans á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## INNLÁNSVAXTASTIGIÐ KEMUR Á ÓVART

Það virtist koma sérfræðingum á fjármálamarkaði á óvart að Seðlabanki Íslands skyldi halda innlánsvöxtum sínum óbreyttum í 9,5 prósentustigum, þótt stýrivextir væru lækkaðir um eitt prósentustig. Greining Íslandsbanka bendir á að innlánsvaxtastig Seðlabankans skipti máli vegna þess hve mikið sé hér af lausu fé í umferð. Bendir bankinn á að með ákvörðun sinni í gær breyti peningastefnunefnd Seðlabankans vöxtum sem litlu skipti um vaxtastigið í hagkerfinu, en haldi þeim vöxtum óbreyttum sem hvað mestu máli skipti. Með þessu hlíti nefndin tilmælum AGS. Spurningar eru sagðar vakna um sjálfstæði peningastefnunefndarinnar vegna þessa. „Svo virðist að minnsta kosti að peningastefnunefnd bankans hafi keypt rök AGS fyrir óbreyttum vöxtum en þau rök snúa aðallega að mikilvægi þess að raska ekki stöðugleika krónunnar við núverandi aðstæður í hagkerfinu,“ segir í skrifum Íslandsbanka.

Hagfræðideild Landsbankans segir í vefriti sínu að vaxtaákvörðunin í gær þýði í reynd að vaxtakostnaður lánastofnana haldist óbreyttur, sem undirstriki að peningastefnunefndin telji ekki skilyrði til slökunar í kerfinu.



**Í SEÐLABANKANUM** Seðlabankastjórar og aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands kynntu í gær stýrivaxtaákvörðun og rökstuddu hana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Álit stjórnenda Seðlabankans:

## Viðvarandi höft ekki valkostur

Viðvarandi gjaldeyrishöft eru ekki valkostur að mati stjórnenda Seðlabankans.

Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri bendir á að bæði minnki virkni slíkra hafta með tímanum og auk þess sem höft til lengri tíma skaði uppbyggingu, því erfiðara verði að afla fjár til arðbærra framkvæmda. Þar við bætist að höftin séu brot á ákvæðum margvíslegra alþjóðasamninga sem landið hafi undirgengist, svo sem vegna Evrópska efnahagssvæðisins.

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur bankans, bætir við að í umhverfi gjaldeyrishafta þyrfti líka að byggja upp efnahagslífið á innlendum sparnaði einvörðungu. „Og það myndi þýða að uppbyggingin hér yrði enn hægari en ella,“ segir hann. **- óká**

**STRÝRIVAXTAÁKVÖRÐUN**

## Mikil vonbrigði með vexti

Ákvörðun Seðlabanka Íslands um að lækka stýrivexti ekki meira en raun ber vitni veldur miklum vonbrigðum og gengur þvert á markmið viðræðna um stöðugleikasáttmála, er haft eftir Kristni Erni Jóhannessyni, formanni VR, á heimasíðu félagsins í gær. Ákvörðunin auki á óvissu í yfirstandandi kjaraviðræðum.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**MEIRI LÍKUR Á ÚRKOMU**

Ekkert lát er á hægviðrinu á landinu og verður svo fram í næstu viku. Dagurinn í dag er að því leyti frábrugðinn frá þeim síðustu að úrkomulíkur eru meiri. Hins vegar sýnist mér að á Austurlandi verði lengst af bjartviðri og þurrt. Annars staðar má búast við lítilsháttar vætu en ég legg áherslu á að hún verður ekki mikil.



**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt.

**SUNNUDAGUR**
Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Amsterdam | 13° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 13° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 19° |
| New York | 16° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 15° |
| París | 20° |
| Róm | 25° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Skóaðu þig upp!

## skór á alla fjölskylduna



# Afnemum VSK
## af öllum skóm

BE WILD! · DreamTeam · VAGABOND · ecco

aze · STUDIO London · FILANTO · bullboxer · viking Guaranteed waterproof footwear

true · Reebok · grisport · LATIBÆR · Barbie · DORA

melania · Sanita · Waterland · SPIDERMAN

Gildir til 7. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú á tónleika í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 21,8 |
| Nei | 78,2 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er verið að gera of mikið mál úr skuldavanda heimilanna?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

## STÝRIVAXTALÆKKUN SEÐLABANKANS

Framkvæmdastjóri SHA afurða ehf á Blönduósi segir háa stýrivextir hafa áhrif á sláturfélögin:

# Háð því að lán fáist á sæmandi kjörum

„Það er alveg ljóst að þetta háir stýrivextir eru alveg óviðráðanlegir bæði fyrir heimili og fyrirtæki í landinu,“ segir Sigurður Jóhannesson, framkvæmdastjóri SAH afurða ehf. á Blönduósi.

Hann segir fyrirtækið jafnvel vera háðara vöxtum en mörg önnur. „Við erum í raun að kaupa inn 90 prósent af okkar hráefni á tveimur mánuðum og greiða það þá út. Til þess þurfum við náttúrulega lánsfé á skikkanlegum kjörum til að þetta verði ekki allt of dýrt. En sú varð raunin í fyrra. Það er jafn ljóst að ef stýrivextir eru lágir þá er mun auðveldara fyrir okkur að halda fólki í vinnu og reka þessi fyrirtæki með ásættanlegri niðurstöðu fyrir alla aðila.“ Hann segir einnig að stýrivextir hafi bein áhrif á matvöruverð. „Það er alveg klárt, vextir eru einn af okkar útgjaldaliðum og ef okkur tekst að draga úr þeim kostnaði myndi það skila sér til neytenda.“

Jafnan starfa um 40 manns hjá fyrirtækinu nema þegar sláturtíðin stendur yfir í september og október en þá bætast 60 manns við starfsmannahópinn.

Fréttablaðið ræddi við framkvæmdastjóra og stjórnarmenn fleiri fyrirtækja á landsbyggðinni sem tóku í sama streng. Einn sagðist ekki vilja tjá sig þar sem nóg væri komið af svartnættistali. - jse



**FRÁ SAH AFURÐUM** Skrokkurinn yrði ódýrari ef stýrivextir væru lægri. Háir stýrivextir gera SAH afurðum erfitt fyrir eins og fleiri fyrirtækjum.

# Ekki tekið tillit til áætlana stjórnvalda

**Forsætisráðherra er vonsvikinn yfir lítilli stýrivaxtalækkun. Ákvörðunin kunni að tefla viðræðum um stöðugleikasáttmála í tvísýnu. Ráðherra segir margt á döfinni sem gefi tilefni til lækkunar fyrir næsta formlega vaxtaákvörðunardag.**

„Ég hafði vonast eftir meiri lækkun og það olli mér vonbrigðum að hún varð ekki meiri en þetta,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans um lækkun stýrivaxta um eitt prósentustig.

Jóhanna segir að nefndinni hafi verið ljós margvísleg áform stjórnvalda í ríkisfjármálum og ekkert hafi gefið henni tilefni til að ætla að ekki verði staðið við þau. Þá séu lánasamningar við Norðurlöndin, samningar um Icesave-málið og endurreisn bankakerfisins í farvatninu.

Hún segist ekki líta svo á að lítil vaxtalækkun – öfugt við það sem vonast var eftir – sé áfellisdómur yfir verkum ríkisstjórnarinnar. Talsverð lækkun gengis krónunnar að undanförnu og verðbólguþrýstingur vegna þessa séu ástæður þessarar varfærnislegu ákvörðunar. Í næstu viku verði kynntar opinberlega þær efnahagsráðstafanir sem gripið verði til á þessu ári og þær muni renna styrkari stoðum undir gengið.

„Nefndin hefur sagt að stýrivaxtalækkun verði ekki gerð á kostnað gengisins. Verðbólguþrýstingur er alvarlegur fyrir heimilin ekki síður en háir vextir.“

Jóhanna kveðst sannfærð um að þegar áðurtalin viðfangsefni verði komin í höfn muni stýrivextir lækka umtalsvert. Næsti formlegi vaxtaákvörðunardagur er 2. júlí en Jóhanna telur að peningastefnunefndin geti allt eins séð ástæðu til að ákvarða vaxtalækkun fyrir þann tíma. Hún hafi til þess heimild.

Myndarleg vaxtalækkun var, að mati aðila vinnumarkaðarins, ein forsenda þess að stöðugleikasáttmáli næðist millum þeirra, með aðkomu stjórnvalda. Jóhanna segist vissulega hafa áhyggjur af því að vaxtaákvörðunin hafi óheppileg áhrif á viðræður þar um og kunni jafnvel að hleypa þeim upp. „Þær voru á góðu skriði og það hefði mjög slæm áhrif á efnahags- og atvinnulífið ef þeim yrði teflt í tvísýnu. En þó að þessi ákvörðun valdi vonbrigðum er ekkert sem heitir að gefast upp. Það er ekki valkostur. Allt miðar þetta í rétta átt en það kann að breytast ef menn fyllast vonleysi. Og til þess eru engar ástæður því ég er vongóð um að okkur takist það ætlunarverk okkar að stýra þessari skútu þannig að við sjáum fram á endurreisn efnahagslífsins.“

bjorn@frettabladid.is



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** „En þó að þessi ákvörðun valdi vonbrigðum er ekkert sem heitir að gefast upp. Það er ekki valkostur,“ segir forsætisráðherra og kveðst bjartsýn á að stýrivextirnir verði lækkaðir umtalsvert í byrjun júlí og jafnvel fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Nefndin hefur sagt að stýrivaxtahækkun verði ekki gerð á kostnað gengisins.
>
> **JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Framkvæmdastjóri SA:

## Allt á reit eitt

„Það er alveg ljóst að með þessari vaxtaákvörðun erum við ekkert að halda áfram að tala um launahækkanir 1. júlí,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

„Það er búið að kippa í burtu forsendunum sem við vorum að vinna út frá. Við erum þess vegna stopp í því sem við vorum að vinna í og allt bendir til þess að við munum bara opna samninginn og allt fari á reit eitt.“

Hann segir að komi til þess verði rætt um nýjan samning á nýjum forsendum. Hann treysti sér ekki til að segja hversu langt gæti liðið áður en þær viðræður hæfust. - jse

Forseti ASÍ:

## Háir vextir meðal við öllu

**Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segist vonsvikinn að Seðlabankinn skuli ekki hafa komið inn í þá umræðu hvernig ná mætti fyrirhuguðum niðurskurði í ríkisbúskapnum en um leið tryggja stöðugleika. „Seðlabanka hefði verið í lófa lagið að koma að málinu með fyrirbyggjandi hætti,“ segir Gylfi. „Hann hefði þá getað teiknað einhverja sýn inn í framtíðina að því marki að vextir yrðu fimm prósent og hvað þyrfti þá til að verja það. Það gerði hann ekki og ástæðan er sú að hann er alltaf að verja þá afstöðu að það sé nauðsynlegt fyrir þetta hagkerfi að vera með þetta háa vexti. Við höfum viljað koma á fundum með bankanum þar sem hægt væri að rökræða þetta en við eigum bágt með að skilja að bæði í ofþenslu og í miklum samdrætti skuli háir vextir ávallt vera meðalið.“** - jse



**MINNINGARATHÖFN** Gríðarlegur fjöldi fólks var í Viktoríugarðinum í Hong Kong til að minnast atburðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Athöfn í Hong Kong:

## Hvatt til opinberrar umræðu

**KÍNA, AP** Tugir þúsunda komu saman í Viktoríugarðinum í Hong Kong í gær til að minnast þess að tuttugu ár eru liðin frá atburðunum á Torgi hins himneska friðar. Þar drápu hermenn hundruð eða þúsundir mótmælenda, sem höfðu krafist lýðræðisumbóta í Kína.

Minningarathafnir voru haldnar víða um heim en Hong Kong er eina svæðið í Kína þar sem leyfilegt er að tala opinberlega um atburðina og minnast þeirra. Á torginu sjálfu hefur verið gríðarleg öryggisgæsla undanfarna daga og erlendum blaðamönnum hefur verið meinaður aðgangur að því. - þeb

## ÞJÓÐKIRKJAN

### Biskup á Barðaströnd

Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, hóf í gær ellefu daga vísitasíuferð um Vestfirði. Yfirreið biskups hófst í Reykhólaprestakalli. Hann mun funda með prestum og sóknarnefndum, skoða kirkjur og taka þátt í messum og helgihaldi á hverjum stað, að því er segir á heimasíðu Reykhólahrepps.





410 4000 | landsbankinn.is

LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

Er greiðslubyrðin að þyngjast?

Landsbankinn býður upp á mörg úrræði fyrir heimili sem eiga við greiðsluerfiðleika að etja. Við aðstoðum þig við að velja lausn sem kemur til móts við þínar þarfir.

Pantaðu ráðgjöf á landsbankinn.is, í útibúinu þínu eða í síma 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37467 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

# Sumargleði!

# 20% afsláttur

## af öllum vörum í verslunum okkar




BOSS HUGO BOSS
HUGO HUGO BOSS
SAND
strellson
Van Gils
gardeur
CANALI
PAL ZILERI
FINUCCI
bugatti
LLOYD
eterna
POLO RALPH LAUREN

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410



**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hver var valinn orðheppnasti leikarinn í lokahófi leikaraboltans?*

2 *Hvaða lið er í efsta sæti í efstu deild knattspyrnu kvenna?*

3 *Hvað heitir nýskipaður ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Barack Obama ávarpaði múslima í ræðu sinni í Egyptalandi í gær:

# Kallar eftir nýju upphafi

**EGYPTALAND, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti kallaði eftir nýju upphafi í samskiptum Bandaríkjanna og múslima í ræðu sinni í Kaíró í Egyptalandi í gær. Hann sagði að binda þyrfti enda á vítahring tortryggni og ósættis. Í sameiningu væri hægt að takast á við hryðjuverkamenn og öfgastefnur um allan heim og vinna að friði í Mið-Austurlöndum.

Obama talaði um friðarviðræður í Mið-Austurlöndum, Íran, stríðin í Afganistan og Írak og Al-Kaída. Hann sagði íslam ekki vera hluta af vandamálinu í baráttunni gegn hryðjuverkum, heldur mikilvægan hluta þess að stuðla að friði.



**Í KAÍRÓ** Forsetinn hélt ræðu sína í Háskólanum í Kaíró í gær. Þar sagðist hann meðal annars vilja eyða staðalímyndum Vesturlanda um múslima og öfugt. Þá vitnaði hann í Kóraninn í ræðu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ræða Obama fékk góð viðbrögð, meðal annars frá talsmanni Hamas-samtakanna í Palestínu, sem sagði breytingar á orðum Obama og ræðum George Bush á sínum tíma. Fyrrverandi varaforseti Írans tjáði sig líka um ræðuna og sagði hana sárabætur fyrir það fjandsamlega umhverfi sem hefði verið búið til í tíð Bush. Þá sagði hann ræðuna geta verið fyrsta skrefið í því að eyða ranghugmyndum Vesturlanda um múslimaheiminn og öfugt.

Obama heldur í dag til Þýskalands þar sem hann mun ræða við Angelu Merkel kanslara. Á morgun verður hann í Frakklandi, áður en hann heldur aftur til Bandaríkjanna.

- þeb

Forsetar Íslands og Kýpur:

# Ræddu um ESB og orkumál

**UTANRÍKISMÁL Reynsla Kýpur og annarra smáþjóða af aðild að ESB var meðal umtalsefna á fundi forseta Íslands og Kýpur í gær.**

**Forseti Íslands er á Kýpur vegna Smáþjóðaleikanna sem þar fara fram.**

**Í tilkynningu frá forsetaembættinu kemur fram að orkumál voru einnig til umræðu. Lýsti Kýpurforseti áhuga á aukinni samvinnu ríkjanna í þróun hreinnar orku. Þá lýsti hann tilraunum sínum til að ná samkomulagi við forystusveit tyrkneska minnihlutans um skiptingu eyjarinnar sem tryggt gæti friðsamlega sambúð allra eyjarbúa.**

- bþs




# Karlmaður í lífshættu eftir misþyrmingar

**Fjórir karlar og tvær konur eru í haldi lögreglu eftir átök í heimahúsi í Reykjavík í gærdag. Þrítugur karlmaður er lífshættulega slasaður eftir misþyrmingar. Maðurinn fór beint í aðgerð á Landspítalanum í gær. Tvísýnt er um líf hans.**

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega þrítugur litháískur karlmaður slasaðist lífshættulega um miðjan dag í gær þegar til átaka kom í húsi við Grettisgötu í Reykjavík. Sex manns voru handteknir í kjölfarið, fjórir karlmenn og tvær konur. Fólkið er allt af erlendu bergi brotið en hefur verið búsett hér á landi um hríð.

Eftir því sem næst verður komist brutust átökin út fyrri hluta dags í gær. Um eittleytið var lögreglan kvödd á staðinn og reyndist einn þeirra sem var á staðnum illa særður eftir átökin. Ekki er ljóst hvort áverkarnir voru eftir högg og spörk einungis eða eggvopn og barefli einnig. Íbúi í húsinu sem Fréttablaðið ræddi við í gær sagði að þar byggi nú hópur fólks, einkum frá Austur-Evrópu, sem hefði misst vinnuna en lifði á atvinnuleysisbótum. Mikið væri um áfengisneyslu á staðnum jafnt daga sem nætur.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var fólkið sem handtekið var frá Litháen og Póllandi. Hinn yngsti hinna handteknu er á þrítugsaldri en sá elsti á fimmtugsaldri. Flest er fólkið búsett í umræddu húsi.



**GRETTISGATA 43** Flestir þeirra sem handteknir voru búa í þessu húsi við Grettisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Í dag verður tekin ákvörðun um hvort farið verður fram á gæsluvarðhald yfir einhverjum þeirra sem inni sitja eða þeim sleppt að loknum yfirheyrslum. Maðurinn sem særðist fór beint í aðgerð á Landspítalanum í gær, þar sem gert var að sárum hans. Tvísýnt var um líf hans í gærkvöld þegar blaðið fór í prentun.

## Hefurðu fengið orlofsuppbótina greidda?

Þeir félagsmenn VR sem eru í starfi í fyrstu viku maí, eða hafa starfað samfellt hjá sama vinnuveitanda í 12 vikur á orlofsárinu, eiga rétt á orlofsuppbót að upphæð 19.000 kr. miðað við fullt starf. Annars hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðastliðið orlofsár.

Þeir sem eru í hlutastarfi eiga að fá greidda orlofsuppbót í samræmi við starfshlutfall sitt.
Orlofsuppbótina á að greiða síðasta lagi þann 1. júní.

**Nánar á www.vr.is**



Gleðilegt sumar!

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

# GARÐHÚS
# Á GAMLA VERÐINU

**Takmarkað magn, föstudag og laugardag.**





**Síðustu húsin á gamla verðinu seld um helgina TAKMARKAÐ MAGN**

**Ný sending væntanleg í næstu viku!**



**4 stk.** takmarkað magn

**Gestahús 10 m²**
600228



**6 stk.** takmarkað magn

**Gestahús 15 m²**
600231



**3 stk.** takmarkað magn

**Gestahús 20 m²**
600227



**1 stk.** takmarkað magn

**Gestahús 25 m²**
600222



**Garðhús 7,2 m²**
600236
**6 stk.** takmarkað magn



**Garðhús 6 m²**
600238
**2 stk.** takmarkað magn



**Garðhús 4,4 m²**
600239
**13 stk.** takmarkað magn



**Garðhús 3,3 m²**
600240
**4 stk.** takmarkað magn

# Skjólveggir á tilboði
allar stærðir, allar gerðir



**15%** afsláttur

**Aðeins föstudag og laugardag**

Allt um skjólveggi í Sælureit bls. 6-13



HÚSASMIÐJAN x blómaval Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 8. júní, kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Jóhannes S. Kjarval

LISTMUNASALA fold

Verkin verða sýnd:
föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17 og mánudag 10–17

Opið í Galleríi Fold á Rauðarárstíg virka daga 10–18, laugard. 11–16 og sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

STÓRI LEIKSKÓLA-DAGURINN

Í Miðbæjarskólanum – Fríkirkjuvegi 1
laugardaginn 6. júní kl. 10:00-14:00

Fyrirlestrar og kynningar á metnaðarfullu leikskólastarfi í leikskólum Reykjavíkurborgar

- ALLIR VELKOMNIR -

Jafnrétti í leikskólum Tilfinningatjáning Nýjungar í foreldrasamstarfi Kynning á ASSIST Fjörulallar Íslenskukennsla í útinámi Söguaðferðin Tónlistarverkefni Leikur er heilsubót Skapandi starf, smíðar og þæfingar Leirvinna – taflmenn Verðlaust efni Heimsins börn Stærðfræði í leikskóla Jóga og slökun Umhverfismennt Hollt mataræði Þróunarverkefni um vísindi Handbækur og námskrár Samstarf við myndlistarskóla Vinna með þjóðsögur Gaman saman Ferilmöppur Útikennsla Skilaboðaskjóða Efling sjálfsmyndar og félagsfærni Fjölmenningarvefur Leikið og lært

Nánari upplýsingar um dagskrá á www.leikskolar.is

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

Þór Sigfússon var harðorður á málþingi í Eyjum:

# Fyrning nær til alls



ÞÓR SIGFÚSSON

**ATVINNUMÁL** „Miðað við það hvernig verið er að meðhöndla íslenskt atvinnulíf í vaxtamálum, haftamálum og varðandi fyrningarleið í sjávarútvegi þá sé ég ekki betur en fyrningarleið sé hugsuð fyrir allt íslenskt atvinnulíf“, sagði Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins, á málþingi í Vestmannaeyjum í gær. Þór sagði að í raun væri verið að fyrna allt íslenskt atvinnulíf og vitnaði til stýrivaxtalækkunar Seðlabankans í gær. „Maður óttast að stefnt sé að því að setja íslensk fyrirtæki í þrot. Hugmyndin er sú að íslenskur einkarekstur hafi sýnt svo mikið ábyrgðarleysi á undanförnum árum að það sé ástæða til að taka þetta fólk og setja það út af sakramentinu og setja nýtt fólk í staðinn. Fyrningarleiðin í sjávarútvegi er bara ein birtingarmynd þessa.“ Hann sagði að hugmynd um eignasýslufélag sem tæki yfir þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki væri að breytast í umfjöllun Alþingis og nú sé rætt um að taka yfir „skuldsett fyrirtæki“ sem í grunninn væri hugmynd um að leggja allt íslenskt atvinnulíf undir ríkið. **- shá**



**ÞINGMAÐUR OG FISKVERKAKONA** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sótti þingið og ræðir hér við Elínbjörgu Magnúsdóttur fiskverkakonu sem hélt kröftugt erindi. Hún varaði mjög við fyrningarleið og lagði áherslu á mikilvægi stöðugleika til að vernda störf síns fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Fyrning þýðir gjaldþrot

**Skuldastaða sjávarútvegsfyrirtækja þýðir að þau geta ekki keypt fyrndar veiðiheimildir sem þýðir gjaldþrot. Formaður sjávarútvegsnefndar segir fyrningarleiðina ekki djúpstæðasta vanda útgerða.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Formaður sjávarútvegsnefndar segir ekki koma til greina að fara fyrningarleið í sjávarútvegi ef það sannast að hún hafi neikvæð áhrif á byggðirnar í landinu. Hann segir að sátt verði að ríkja um málið svo það fái framgang.

Þetta var meðal þess sem kom fram á málþingi um auðlindastýringu og fyrningarleið ríkisstjórnarinnar sem haldið var í Vestmannaeyjum í gær.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna og formaður sjávarútvegsnefndar, sat málþingið í fjarveru flokksbróður síns, Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra. Hann sagði að vandi sjávarútvegs væri stærri og meiri en hugmyndin um innköllun kvóta og endurúthlutun. „Þar á ég við framsalið, skuldsetningu greinarinnar og Evrópusambandsaðild.“ Hann sagði jafnframt að fyrningarleið yrði ekki farin ef sýnt yrði fram á það að leiðin gengi gegn því markmiði að efla atvinnu og byggð í landinu. „Ég mun ekki fara leið sem kollvarpar sjávarútvegi.“

Þorvarður Gunnarsson, framkvæmdastjóri endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte, greindi frá útreikningum sínum um þýðingu fyrningarleiðarinnar á fyrirtæki í rekstri. Niðurstaða hans er að vegna skuldsetningar eigi þau erfitt með að keppa um heimildir sem fyrnast og verða endurseldar. „Ef fyrirtækin ná ekki að leigja til sín allt sem verður fyrnt frá þeim, þá munu þau fara í greiðsluþrot á örfáum árum.

> Ef fyrirtækin ná ekki að leigja til sín allt sem verður fyrnt frá þeim, þá munu þau fara í greiðsluþrot á örfáum árum.
>
> **ÞORVARÐUR GUNNARSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI DELOITTE

Kostnaðurinn við að umbylta kerfinu með þessum hætti er sá að skuldir þessara fyrirtækja falla á bankana og ríkið þarf að endurfjármagna bankana upp á nýtt. Mér sýnist að ávinningur ríkisins verði óverulegur og því sé þessi leið allt of dýr til að umbylta sjávarútvegi með þessum hætti“, segir Þorvarður.

Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, sagði fyrningu draga úr yfirfjárbindingu í sjávarútvegi og minnki því vaxtagreiðslur fyrirtækja. „Í staðinn fyrir að greiða útlendingum vexti þá renna þessir fjármunir í ríkissjóð og minnka þar með skattheimtuþörf hins opinbera.“

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingar, sagði málflutning á þinginu einhliða gegn fyrningarleiðinni og gagnrýndi val framsögumanna. Hún sagði málþingið „messu“ gegn fyrningu sem næði ekki til sjónarmiða og hagsmuna nema hluta þjóðarinnar. Hún minnti á af hverju leiðin væri íhuguð; flótti útgerðarmanna með milljarða út úr greininni og byggðir í sárum þess vegna.

svavar@frettabladid.is

Í tilefni af þjóðhátíðardegi Svía 6. júní höldum við

# IKEA FESTIVAL

helgina 6.-7. júní




© Inter IKEA Systems B.V. 2009

## Dagskrá helgarinnar

### Verslunin opin kl. 9:30-19

- Sumarblómamarkaður
- Útigrill – ókeypis pylsur og gos kl. 11–17
- Ókeypis ís fyrir börnin kl. 11-17
- Hoppukastalar kl. 11-17
- Prúttmarkaður í Umbúðalaust
- Andlitsmálun kl. 11-17
- Ókeypis myndataka kl. 11-17
- Landsliðskokkur bakar kl. 11-17
- Emil og Lína koma í heimsókn kl. 13-17

### Veitingastaður opinn kl. 9-18:30

- Ókeypis brunch kl. 9-11
- 50% afsláttur af sænskum réttum; kjötbollum, laxi og pyttipanna
- IKEA tertan og kaffi 250,-

IKEA®

www.IKEA.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 15 **Velta:** 152 milljónir

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 262 | 0,00% | 713 | +0,13% |

**MESTA HÆKKUN**

| | |
|---|---|
| CENTURY ALUMIN. | 2,32% |
| FØROYA BANKI | 0,84% |
| MAREL FOOD S. | 0,54% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| BAKKAVÖR | 5,17% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,00 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Bakkavör 1,10 -5,17% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,50 +0,84% ... Icelandair Group 4,60 +0,00% ... Marel Food Systems 55,70 +0,54% ... Össur 106,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn ...*

### Margt smátt

Seinni partinn í dag stendur Viðskiptaráð Íslands fyrir málþingi undir heitinu „Margt smátt gerir eitt stórt". Orðatiltækið á líkast til vel við nú um stundir eftir fall risafyrirtækjanna sem bankarnir voru orðnir. Viðskiptaráð bendir á að lítil og meðalstór fyrirtæki séu samanlagt stærsti vinnuveitandi landsins og því burðarás í atvinnulífinu. Kallað er eftir hugarfarsbreytingu gagnvart íslensku viðskiptalífi á þá leið að litlum og meðalstórum fyrirtækjum verði gert hærra undir höfði en verið hefur. Þingið verður haldið í Þjóðminjasafninu klukkan þrjú, en meðal framsögumanna verður Christina Sommer, forseti Sambands evrópskra smáfyrirtækja (European Small Business Alliance). Óvíst er þó að smáfyrirtæki á meginlandinu hafi sömu merkingu og smáfyrirtæki hér.



### Hvað á barnið að heita?

Hér voru fyrir skömmu á ferðinni alþjóðlegir sérfræðingar bæði í efnahagskreppum og skólamálum og veltu fyrir sér hvernig hér mætti laga menntakerfið að nýjum aðstæðum þannig að hjálpaði til við endurreisn og yrði grunnur sem byggja mætti á framtíðarhagvöxt. Sérfræðingarnir skiluðu merkri skýrslu um málið þar sem meðal annars er lögð til víðtæk sameining skóla á háskólastigi. Kvisast hefur út að í framhaldi af birtingu skýrslunnar sé verið að kanna hugsanlega sameiningu eða samvinnu háskólanna þriggja, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Listaháskólans. Sá brandari gengur meðal skólamanna að vart gengi annað nafn á nýjan sameinaðan skóla en Samvinnuháskólinn. Og myndi það líklega ylja mörgum gömlum sambandsmanninum.



# Óbreyttir vextir á evrusvæðinu

Evrópski seðlabankinn ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í einu prósenti. Þeir hafa aldrei verið lægri.

Jean-Claude Trichet seðlabankastjóri sagði, á vaxtaákvörðunarfundi í gær, bankastjórnina ekki hafa í hyggju að lækka vextina frekar í bráð. Bloomberg-fréttastofan segir ekki einhug innan bankastjórnarinnar enda vilji sumir stjórnarmenn feta sömu stigu og kollegar þeirra hjá bandaríska seðlabankanum og Englandsbanka og færa stýrivexti nálægt núlli.

Trichet vísaði ágreiningi innan bankastjórnarinnar á bug í dag og sagði þvert á móti að ákvörðunin nú hafi verið samhljóða. **- jab**

Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, svarar þingnefnd:

# Fjárlagahalli ógnar stöðugleika

Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, varar við því að mikill fjárlagahalli í Bandaríkjunum geti ógnað stöðugleika í bandarísku efnahagslífi og leitt til þess að lánakjör hins opinbera versni til muna.

Seðlabankastjórinn, sem sat fyrir svörum hjá fjárlaganefnd bandaríska þingsins í vikunni, sagði uppkaup ríkisins á slæmum eignum banka og fjármálafyrirtækja eiga þar hlut að máli. Seðlabankinn geti ekki fjármagnað hítina til lengri tíma. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur sagt aðgerðina, sem Englandsbanki hefur sömuleiðis tekið upp, misráðna og bjóða hættunni heim.



**BEN BERNANKE** Seðlabankastjóri Bandaríkjanna segir ekki útilokað að lánakjör ríkisins versni til muna vegna hallareksturs. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bloomberg-fréttastofan segir gert ráð fyrir því að halli á fjárlögum bandaríska ríkisins verði fjórfalt meiri á þessu ári en í fyrra. Munar þar mestu um aðgerðir stjórnvalda til að bæta eiginfjárgrunn stærstu banka Bandaríkjanna og koma í veg fyrir að þeir fari á hliðina.

Barack Obama, forseti landsins, hefur lagt upp með að skera fjárlagahallann niður um helming á kjörtímabili sínu, að sögn Bloomberg. **- jab**








**Á BENSÍNSTÖÐINNI** Í endurskoðaðri efnahagsspá IFS Greiningar er gert ráð fyrir að verðbólga verði 3,3 prósent í lok ársins, í stað fyrri spár upp á 3,0 prósent. Koma þar til áhrif af veikari krónu en reiknað hafði verið með. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hægir á hjöðnun verðbólgu

### Veikari króna breytir stöðunni segir IFS Greining.

Vegna veikari krónu en gert hafði verið ráð fyrir gerir IFS Greining ráð fyrir því að verðbólga hjaðni líka hægar og verði 3,3 prósent í lok þessa árs. Fyrri spá gerði ráð fyrir 3,0 prósenta verðbólgu.

Í endurskoðaðri hagspá IFS sem út kom í gær er áfram gert ráð fyrir veikri krónu þótt hún eigi eitthvað að braggast þegar líða tekur á árið. Reiknað er með að vöruskipti verði „heldur skárri" á næstu mánuðum, en bráðabirgðatölur um þau hafi valdið vonbrigðum. „Ljóst er að núverandi afgangur af vöruskiptum er hvergi nægur og ef afgangur af vöruskiptum fer ekki vaxandi mun krónan enn halda áfram núverandi veikingarferli."

Ljósir punktar eru þó sagðir að álverð hafi hækkað, auk þess sem sala sjávarafurða virðist ganga betur en í vetur. „Tekjur af erlendum ferðamönnum aukast mikið yfir sumarmánuðina sem styrkir stoðir krónunnar. Útflæði gjaldeyris er sömuleiðis minna vegna vaxtagjalddaga seinni hluta árs og nýrra reglna um útborgun vaxta," segir í endurmati IFS á efnahagsmálum. **olikr@frettabladid.is**

# Skref frá verðtryggingu

Lánasýsla ríkisins býður út nýjan flokk ríkisbréfa næstkomandi föstudag, nefndan RIKB25-0612. Athygli vekur að skuldabréfin eru óverðtryggð og segir í greiningu IFS að með útgáfunni sé tekið skref í þá átt að draga úr vægi verðtryggingar.

IFS segir skrefið jákvætt, en hingað til hafi ekki verið í boði langtíma óverðtryggð skuldabréf. Nú sé búinn til markaður með slík bréf og ætti ávöxtunarkrafa flokksins að „hjálpa til við verðlagningu langtíma óverðtryggðra útlána og opna möguleika á slíkum lánum". Með nýjum flokki verði hægt að meta verðbólguálag til nærri tíu ára sem bæti verðmyndun á skuldabréfamarkaði.

Skuldabréfin eru annars sögð hefðbundin, þau eru með vaxtagreiðslufyrirkomulagi og greiðast vextir eftir á, einu sinni á ári. „Ársvextir verða ákvarðaðir í kjölfar tilboða sem berast og verða tekin í fyrsta útboði flokksins. Skuldabréfin eru óverðtryggð og til sextán ára." **- óká**

# Spjótin beinast að stjórnvöldum

„Þetta er allt of skammt farið, því miður, og veldur verulegum vonbrigðum," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, um hundrað punkta lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands í gær.



**FINNUR ODDSSON**

„Í ljósi þess hve augljós þörf er á frekari lækkun vaxta fyrir atvinnulíf og heimili almennt, sýnir þetta skref líklega fyrst og fremst óánægju Alþjóðagjaldeyrissjóðsins með framvindu í mikilvægum málum sem hann telur forsendu frekari vaxtalækkana," bætir hann við og vísar þar til áætlunar um fjármál hins opinbera og endurreisn bankakerfisins.

Finnur segir flesta átta sig á að samband vaxta og gengis hafi rofnað, eða jafnvel snúist við. „Og því virðist afstaða sjóðsins til vaxtamála hér notuð til að pressa á stjórnvöld um framgang þessara mála, sem hafa dregist allt of lengi. Spjótin beinast því að stjórnvöldum að gera grein fyrir áætlunum og hefja framkvæmd þeirra." **- óká**

## Höfum opnað nýja verzlun
## að Laugavegi 7

# *Andersen & Lauth*

*Reykjavik*

Outlet, Vintage & One off

Í nýju verzluninni seljum við
eldri vörur á frábæru verði.
" one off " flíkur sem aðeins
eru gerðar í einu eintaki og
" vintage " flíkur sem við
finnum og okkur finnast fallegar.
Einskonar fjársjóðskista að
hætti Andersen & Lauth.

Eins og áður bjóðum við upp á
ævintýralegt úrval af okkar
nýjustu vörum í kvenverslun okkar
á Laugavegi 86-94 og herraverzlun
okkar á Laugavegi 7.

**Opið frá 13-17, sunnudag í**
**Outlet, Vintage & One Off**

Hlökkum til að sjá þig....

Herraverzlun, Laugavegi 7
Kvenverzlun, Laugavegi 86-94
Outlet, vintage & One Off, Laugavegi 7
www.andersenlauth.com

# ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP



SÉRVALINN HUMAR STÓR, 1 KG
2.999 kr/pk.




1.799 kr/pk.
Verð áður 2.399.-

**Jensen´s BBQ svínarif**
tilbúin beint á grillið




1.649 kr/kg.
Merkt verð 2.198.-

**Helgarsteik VSOP**
koníakslegin



1.329 kr/kg.
Merkt verð 1.898.-

**Svínalundir kryddlegnar**
frá Íslandsgrís




1.889 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

**Kjúklingafille**
ferskt

Jói FEL




dijon hunangs sósa
basil & hvítlauks sósa
rósapipar sósa

*Frábærar grillsósur!*



FUMAGALLI PARMASKINKA
699 kr/pk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP




PEPSI MAX 2 LTR.
139 kr/stk.




UPPÞVOTTAR VÉLARDUFT
369 kr/pk.




ALMONDY DAIM KAKA
799 kr/stk.

íslensk jarðarber






SANTA MARIA TACO KIT
499 kr/pk.




MCCAIN FRANSKAR
20%
afsláttur v/kassa




HATTING FRÖNSK BRAUÐ
399 kr/pk.

Gildir til 7. júní á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær


Ódýrt um helgina
mesta úrvalið!
OPIÐ til 20 alla daga
Holta-kjúklingur
ÓDÝRT Í HAGKAUP
KJÚKLINGA BRINGUR
1.889 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
ÓDÝRT Í HAGKAUP
2.999 kr/kg.
Merkt verð 3.999.-
Nautalundir innfluttar
frosnar
ÓDÝRT Í HAGKAUP
1.399 kr/kg.
Merkt verð 2.298.-
Nautagúllas
Nautaat
ÓDÝRT Í HAGKAUP
499 kr/pk.
Grillborgarar
4 stk. x 80 gr.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
1.399 kr/kg.
Verð áður 2.298.-
Nautasnitsel
Nautaat
Sætar kartöflur m/timjan
Balsamikmarinerað grænmeti
Beikonfylltar kartöflur
Berjabomba m/kókosbollum
spennandi á grillið!
SÉRBÖKUÐ VÍNARBRAUÐ
119 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
BEYGLUR 3 TEG.
189 kr/pk
HNETUBARINN
30% afsláttur v/kassa
ÓDÝRT Í HAGKAUP
SÍTRÓNUTOPPUR 2 LTR.
129 kr/stk.
SANTA MARIA TACO TUBS KIT
499 kr/pk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
HNETU & DAIM TOPPAR
449 kr/pk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
RISA SAMLOKUBRAUÐ
199 kr/stk.
BAKAÐAR BAUNIR
89 kr/stk.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vandræðin með heimsókn Dalai Lama:

## Hin hliðin

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Ríkisstjórn Íslands átti í meiri vandræðum með heimsókn Dalai Lama en nágrannaþjóðirnar eins og Danmörk til að mynda. Ástæðan er ekki ósnoturt hjartalag ráðherranna. Þvert á móti má vitna til margra yfirlýsinga þeirra frá stjórnarandstöðutímanum sem bera vott um sterka samstöðu með undirokuðum minnihlutahópum.

Það er hins vegar önnur hlið á viðbrögðunum við heimsókn þessa friðarverðlaunahafa Nóbels til Íslands sem vert er að skoða. Hún snýr að stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Segja má að tvær kenningar hafi verið ráðandi um hvernig Ísland kæmi ár sinni best fyrir borð í alþjóðasamfélaginu.

Önnur er sú að best sé að skipa landinu í sveit og bindast þeim þjóðum sem næst okkur standa í menningarlegum efnum, pólitík og viðskiptum. Um þetta snerist aðildin að Atlantshafsbandalaginu. Sókn og vörn fyrir þá stefnu hvíldi á þeirri tíð mest á herðum Bjarna Benediktssonar.

Hin leiðin felst í því að aka seglum eftir vindi og leita skjóls og samstöðu í alþjóðasamfélaginu eftir því hvernig vindar blása hverju sinni. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, talaði fyrir þeirri hugmyndafræði á ráðstefnu í Andorra fyrir rúmu ári um tækifæri smáríkja í hagkerfum veraldarinnar.

Þar minnti forsetinn á að Ísland væri fyrsta og eina Evrópuríkið sem ætti í sjálfstæðum fríverslunarviðræðum við Kína. Um leið ítrekaði hann að Ísland gæti tryggt stöðu sína og sveigjanleika með því að stofna sjálfstætt til viðskiptatengsla við þjóðir og fyrirtæki víðs vegar í heiminum án þess að vera bundið af flóknu samningaferli Evrópusambandsins.

Þessi kenning lítur betur út í orði en á borði. Vandræðagangur ríkisstjórnarinnar með Dalai Lama er lítið saklaust dæmi um að heimurinn er harðari og hagsmunirnir flóknari en svo að það gangi upp að tryggja stöðu þjóðar með samningum við Kína í dag og Bandaríkin á morgun. Stærri þjóðir en Íslendingar hafa komist að þeirri niðurstöðu.

Forsætisráðherra og fjármálaráðherra töldu að stoðir fullveldisins væru ekki sterkari en svo að þær þyldu ekki andúð kínverskra stjórnvalda. Danski forsætisráðherrann mat styrk fullveldis þjóðar sinnar á annan veg.

Sveigjanleikakenningin byggist á sömu hugsun og hlutleysisstefnan. Um hana var algjör pólitísk eining í byrjun. Hún hrundi hins vegar í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar. Í stað þess að endurreisa hana með orðaleppum var farin önnur leið.

Heimurinn hefur breyst síðan. Atlantshafsbandalagið, sem var þungamiðjan í utanríkispólitík Íslands, missti áhrifavald sitt í lok kalda stríðsins. Norðurlandaráð hefur nú menningarlegt gildi en enga pólitíska þýðingu. Þannig hefur losnað um kjölfestu Íslands í alþjóðasamfélaginu.

Spurningin um aðild að Evrópusambandinu snýst ekki einasta um peningastefnu og viðskipti. Í ljósi nýrra aðstæðna er hún nauðsynlegt og rökrétt framhald af þeirri utanríkisstefnu sem mótuð var fyrir sex áratugum. Hún er mikilvæg til að festa pólitískan þyngdarpunkt landsins í alþjóðasamfélaginu eftir að aðrar stoðir hafa veikst. Svo má ekki gleymast að íslensk menning er hluti af evrópskri arfleifð.

Hin hliðin á heimsókn Dalai Lama varpar nokkru ljósi á þennan veruleika.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Áttu stóra sæng?

Þá eigum við sængurverið. Bjóðum 30% afslátt af stærri sængurverum; 140x220, 220x220 & 220x240.

Margir litir & gerðir á þessu frábæra tilboði sem gildir fram á laugardag.

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið
Sími 533 2220 www.lindesign.is

Lín DESIGN

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Var gaman eða ekki?!

DV gerir sér mat úr því að árið 2007 hafi Gísli Marteinn Baldursson verið í hópi þeirra sem Glitnir bauð í veiðiferð til Rússlands, þar sem gestum var meira að segja boðið í herþyrlu. Að sögn Gísla Marteins var hann í hlutverki „eins konar veislustjóra“ í ferðinni en fékk þó ekki „greitt sérstaklega“ fyrir viðvikið. Athygli vekur að þótt Gísla hafi að eigin sögn „alltaf fundist gaman að vera veislustjóri“ sér blaðamaður ástæðu til að taka sérstaklega fram að Gísli hafi ekki viljað gefa upp hvort honum hafi fundist gaman í ferðinni eða ekki. Verður DV ekki að draga Gísla fyrir upplýsinganefnd til að fá úr því skorið hvort ferðin hafi verið skemmtileg?



### Friðarsinnar fagna

Boðsgestir Glitnis í laxveiðiferðum til Rússlands skoruðu óvænt stig hjá Samtökum hernaðarandstæðinga, undir forystu Stefáns Pálssonar, sem sendu frá sér tilkynningu vegna fréttarinnar í gær. Þar segir meðal annars: „SHA taka ekki afstöðu til réttmæti þátttöku kjörinna fulltrúa í slíkum ferðum, en fagna að öðru leyti förinni, enda hafa viðkomandi herþyrlur þá ekki nýst til að drepa fólk á meðan, til dæmis í stríði Rússa í Téténíu. Samtök hernaðarandstæðinga hvetja til þess að gengið verði enn lengra í þessa átt og öllum herþyrlum heimsins falin ný verkefni, svo sem í tengslum við menningartengda ferðamennsku eða sportveiðar.“



bergsteinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Kjánalegar fullyrðingar

**UMRÆÐAN**

Hrannar Pétursson svarar forstjóra Símans



HRANNAR PÉTURSSON

Síminn hefur á undanförnum árum misst marga af sínum stærstu viðskiptavinum yfir til Vodafone. Þau eru teljandi á fingrum annarrar handar útboðin sem Síminn hefur unnið, oftast vegna þess að fyrirtækið hefur ekki boðið sambærilegt verð og aðrir en í sumum tilvikum hefur Síminn einfaldlega ekki staðist tæknilegar kröfur í útboðunum.

Í því ljósi er sá pirringur forstjóra Símans, sem birtist m.a. á forsíðu Fréttablaðsins í gær og beindist að Vodafone, skiljanlegur. Hinn eflaust ágæti forstjóri hlýtur hins vegar að tala gegn betri vitund þegar hann heldur því fram, að skattgreiðendur þurfi að greiða tugi milljarða svo Vodafone og önnur dótturfélög Teymis (sem er móðurfélag Vodafone) geti starfað áfram á markaði. Slík ummæli eru beinlínis kjánaleg, því ekkert slíkt stendur til. Þvert á móti er fjárhagslegri endurskipulagningu Teymis ætlað að tryggja hagsmuni íslensku bankanna og koma í veg fyrir að byrðar lendi á skattgreiðendum. Engar skuldir verða felldar niður, heldur verður hluta þeirra breytt í hlutafé. Fyrri eigendur missa allt sitt, en nýir eigendur standa eftir með verðmæt fyrirtæki sem skapa þeim miklar tekjur.

Rekstur Vodafone gengur vel og sanngjarn hagnaður af starfseminni mun renna til nýju eigendanna. Bankarnir hafa hins vegar lýst því yfir, að þeir hyggist ekki eiga fyrirtækið til lengri framtíðar og selja það hæstbjóðanda í opnu og gagnsæju ferli síðar meir líkt og önnur dótturfyrirtæki Teymis.

Starfsmenn Vodafone láta það ekki trufla sín daglegu störf, þótt stærsti keppinauturinn okkar sé með Vodafone á heilanum. Þvert á móti eykur það samheldnina í okkar hópi og viljann til að veita bestu fjarskiptaþjónustuna á markaðnum.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Vodafone.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Gleðilegt sumar
úr kjötborði
Svínakótilettur
798,kr./kg
verð áður 1.398,-/kg
úr kjötborði
Svínahnakki úrb.
898,kr./kg
verð áður 1.498,-/kg
Ali Mexico svínakótilettur
1.574,kr./kg
verð áður 2.098,-/kg
Brazzi 1l
115,kr.
Appelsínu- eða eplasafi
Pagen Kanel Gifler
299,kr.
Hamborgarar
2x140g m/brauði
398,kr./pk.
verð áður 498,-/pk.
Ali Spareribs
1.064,kr./kg
verð áður 1.418,-/kg
Coke 6x0,5l
654,kr.
Coke eða Coke light
Homeblest 300g
179,kr.
Trópí 3 í pk.
229,kr.
Appelsínu- eða eplasafi
Nóa Kropp 200g
292,kr.
Nóa Rúsínur 500g
355,kr.
Maryland
99,kr./pk
The Cookie, Hnetukex,
Double Choc eða Coconut Chip
Freyju Rex-bitar 250g
349,kr.
Nú er sumar
í Fjarðarkaupum
Fylltu út þátttökuseðil þegar þú verslar og þú gætir unnið veglega vinninga. Dregið verður úr þátttökuseðlum vikulega á Rás 2. Vinningar frá Ellingsen, Hjólasprett, ÓB, Fjörukránni og Fjarðarkaupum.
Hjólasprettur
Ellingsen
ÓB ódýrt bensín
Nizza bitar
m/lakkrískurli
544,kr.
Cocoa Puffs 465g
477,kr.
Tilboð gilda til laugardagsins 6. júní
FK
FJARÐARKAUP
Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

RONALD REAGAN (1911-2004) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Ef við elskum landið okkar ættum við einnig að elska landa okkar.“*

***Ronald Reagan var forseti Bandaríkjanna frá 1981 til 1989. Áður en hann varð forseti var hann þekktur kvikmyndaleikari.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. JÚNÍ 1885

## Bríet birtir fyrstu grein sína



Á þessum degi árið 1885 birtist grein eftir Bríeti Bjarnhéðinsdóttur í Fjallkonunni. Greinin fjallaði um menntun og réttindi kvenna og var fyrsta greinin sem íslensk kona skrifaði í opinbert blað.

Fjallkonan var nýlega stofnuð þegar Bríet fluttist til Reykjavíkur. Blaðið opnaði glugga með skrifum sínum um stjórnmál, umbætur í atvinnumálum og kvenréttindi. Bríet skrifaði ritstjóranum og bað hann um að dæma grein sem hún hafði skrifað og hún birtist undir heitinu „Nokkur orð um menntun og réttindi kvenna“ undir dulnefninu Æsa. Þar fór hún að dæmi margra samtíðarkvenna sinna víða um heim sem oft birtu fyrstu ritsmíðar sínar undir dulnefni. Hún hvatti konur til að berjast við ófrelsi og hleypidóma, sem hingað til hefðu staðið í vegi fyrir öllum framförum þeirra.

Bríet átti stærstan þátt í að hrinda af stað fyrstu bylgju kvenréttindabaráttunnar hér á landi fyrir lágmarksréttindum, svo sem kosningarétti, kjörgengi og rétti til menntunar og atvinnu. Hún átti frumkvæði að stofnun Kvenréttindafélags Íslands, var formaður félagsins í tvo áratugi og átti mestan þátt í að íslenskar konur urðu hluti af alþjóðlegri kvenréttindabaráttu.

### MERKISATBURÐIR

**1915** Danmörk breytir stjórnarskrá sinni til þess að veita konum kosningarétt.

**1920** Brjóstsykursgerðin Nói hefur starfsemi í kjallara við Túngötu í Reykjavík.

**1967** Sex daga stríðið hefst: Ísraelskar flugsveitir sendu flugskeyti á Egyptaland, Jórdaníu og Sýrland.

**1968** Forsetaframbjóðandinn Robert F. Kennedy er skotinn við Ambassadorhótelið í Los Angeles af Sirhan Sirhan. (Hann lést 6. júní).

**1974** Ólafur V. Noregskonungur heimsækir Ísland.

**1975** Ísland sigrar Austur-Þýskaland í landsleik í knattspyrnu 2-1.

**1981** Fyrstu tilfelli alnæmis finnast í Los Angeles.

### AFMÆLI



**MARK WAHLBERG,** leikari og söngvari, er 38 ára.



**SIGURÐUR BJÖRNSSON** yfirlæknir er 67 ára.



**VILHJÁLMUR EINARSSON** frjálsíþróttamaður er 75 ára.



**HALLBJÖRN HJARTARSON** tónlistarmaður er 74 ára.



**SÁTT Í STARFI** Sigurveig er einungis þriðji skólastjóri skólans en í honum hefur starfsmannavelta verið lítil. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FLATASKÓLI: FAGNAR FIMMTÍU ÁRA AFMÆLI MEÐ AFMÆLISHÁTÍÐ

# Börnin gera áratugunum skil

Flataskóli í Garðabæ fagnar fimmtíu ára afmæli á morgun 6. júní en skólinn er elsti grunnskólinn í Garðabæ.

Í tilefni af afmælinu verða sýningar í öllum álmum skólans tileinkaðar áratugunum fimm. Þar verður hægt að skoða gamlar myndir úr skólalífinu og ýmislegt sem einkenndi tíðarandann hvern áratug fyrir sig. „Við leitumst við að hafa sama yfirbragð í hverri álmu og eru efnistök þau sömu. Í álmunum gefur að líta það sem gerðist fréttnæmt bæði hér í Garðabæ og á landsvísu viðkomandi áratug og má þar nefna íþróttaafrek, tónlist sem einkenndi áratuginn, leiki barna og tísku, en krakkarnir hafa sett tilheyrandi föt á gínur. Þá eru líka upplýsingar um það sem gerðist markvert innan skólans eins og til dæmis þegar viðbyggingar voru reistar og annað í þeim dúr. Verkefnið er fræðandi fyrir gesti og gangandi en hefur einnig lærdómsgildi fyrir börnin,“ segir Sigurveig Sæmundsdóttir, skólastjóri Flataskóla.

Dagskráin á morgun hefst klukkan ellefu og byrjar á stompatriði á skólalóðinni þar sem nemendur og starfsmenn skólans berja tunnur. Þá verður boðið upp á ratleik auk þess sem hægt verður að virða fyrir sér verk nemenda á göngum og í kennslustofum skólans.

Í hátíðarsalnum verður söngleikurinn Hljómhýra frumfluttur en hann er eftir þau Brynju Skúladóttur og Hrafnkel Pálmarsson, foreldra nemenda í Flataskóla. Þau sömdu söngleikinn sérstaklega af þessu tilefni og gefa foreldrar við Flataskóla skólanum verkið. Það eru nemendur í 4. bekk sem flytja verkið undir stjórn foreldra og kennara. „Tvær sýningar verða á söngleiknum, klukkan 12 og 14, en á milli sýninga og eftir þá seinni taka nemendur að sér hljóðfæraleik og dans og auk þess mun fyrsti útskriftarhópur skólans sækja okkur heim,“ segir Sigurveig.

Hún er þriðji skólastjóri skólans en sá fyrsti var Vilbergur Júlíusson sem gegndi starfinu í 25 ár. Síðan tók Sigrún Gísladóttir við og starfaði í tuttugu ár. „Ég er að klára mitt fimmta ár en hér hefur ávallt verið lítil starfsmannavelta enda aðbúnaður til fyrirmyndar. Þá er skólinn góður og rótgróinn um leið og hann er ávallt í sókn. Hann nýtur auk þess mikillar virðingar í bæjarfélaginu en hann var í upphafi menningarmiðstöð hreppsins, síðar bæjarins, og hér voru ýmis félög og bókasafnið til húsa.“

Í tilefni af afmælinu gefur skólinn út afmælisrit fyrir skólalok þar sem rýnt er í söguna og fjallað á lifandi hátt um skólastarfið í dag. **vera@frettabladid.is**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þórhalls Guttormssonar**
íslenskufræðings.

Sérstakar þakkir fá eldri félagar úr Karlakór Reykjavíkur og starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

**Anna Þorsteinsdóttir**
**Ragna Steinarsdóttir** **Þorsteinn Þórhallsson**
**Páll Þórhallsson** **Þórdís Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Okkar ástkæri sonur,*

**Arnór Alex Ágústsson**
Laufvangi 9, Hafnarfirði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þriðjudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 10. júní kl. 15.00. Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Hjördís Þórarinsdóttir**
**Sigurbjörn Ágúst Ágústsson**
**Silja Rut Tómasdóttir**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanfríður Þóroddsdóttir**
Hólmagrund 4, Sauðárkróki,

lést föstudaginn 29. maí. Útför hinnar látnu fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 6. júní klukkan 14.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Andrésar Bergssonar**
Klappastíg 5, Akureyri.

**Arnar Andrésson** **Hrefna K. Hannesdóttir**
**Gísli Andrésson**
**Jón Andrésson** **Margrét Pálsdóttir**
**Guðrún Andrésdóttir** **Jakob Tryggvason**
**afa- og langafabörn.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Halldóra Guðmundsdóttir**
Hlyngerði 12, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 2. júní. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. júní kl. 13.00.

**Sigtryggur Helgason**
**Þórhildur Sigtryggsdóttir** **Hrafnkell Óskarsson**
**Kristbjörg Hrund Sigtryggsdóttir** **Skapti Haraldsson**
**barnabörn.**

**HEIMILISIÐNAÐARDAGURINN** verður haldinn í Árbæjarsafni sunnudaginn 7. júní. Þar verður nemendasýning á Kornhúsloftinu, félagsmenn sýna vinnubrögð og handverk og faldafeykissýning verður í Líkn. Allir sem mæta á íslenskum búningi fá frítt inn. www.heimilisidnadur.is






**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447












FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Renuka Perera gefur Fréttablaðinu uppskriftir að framandi réttum frá Srí Lanka.

# Draumur að veruleika

**Renuka Perera kom frá Srí Lanka fyrir þrettán árum og hefur síðan matreitt rétti heimalands síns ofan í Íslendinga. Nú hefur hún gefið út matreiðslubók svo fleiri hafi tækifæri til að prófa réttina hennar.**

„Ég fæ vatn í munninn þegar ég hugsa um þennan rétt," segir Renuka Perera, matreiðslukona frá Srí Lanka, hlæjandi. „Rétturinn er upprunninn í Srí Lanka og ég þróaði uppskriftina sjálf. Pabbi minn var kokkur þannig að ég ólst upp á miklu matarheimili í Srí Lanka."

Uppvaxtarárin hafa sett svip sinn á Renuku því matargerð er hennar helsta áhugamál. „Ég elda oft fyrir fjölskyldu mína og kaupi eiginlega aldrei tilbúinn mat. Í framtíðinni vil ég verða kokkur og þess vegna ætla ég að fara í matartæknanám."

Þegar Renuka er innt eftir því hvort mikill munur sé á matarmenningu Íslands og Srí Lanka segir hún að svo sé. „Á Srí Lanka borðum við mikið af grænmetisréttum og fiskiréttum en ekki oft kjöt. Mér fannst skrýtið að koma til Íslands og byrja að borða íslenskan mat. Ég smakkaði hann samt og nú elda ég til dæmis íslenskan plokkfisk í karríi."

Renuka segir að draumur hennar hafi ræst með útgáfu matreiðslubókar hennar, 50 kryddríkar uppskriftir frá Srí Lanka. „Ég skrifaði bókina vegna þess að mér hefur fundist margir Íslendingar vilja kryddaðan mat."

*martaf@frettabladid.is*

## SVART SVÍNAKARRÍ

**FYRIR 4-5**

1 kg svínakjöt
2 laukar, fínsaxaðir
4 hvítlauksgeirar, rifnir
2 msk. rifið engifer
1/4 bolli tamarind-mauk
6 msk. olía
4 msk. kókosmjólk
300 ml vatn
1 tsk. salt (eða eftir smekk)

Krydd:
2 tsk. kóríanderfræ
3 tsk. cumin-fræ
1 tsk. fennikufræ
1/2 tsk. túrmerik
1 tsk. chili-duft
5 stk. negull
5 kardimommur
1 kanilstöng
10 karrílauf



**Aðferð:**

*Fjarlægið bein og feiti úr kjötinu og skerið í 2-3 cm teninga. Hitið 4 msk. af olíunni í potti og steikið kjötið.*

*Ristið kóríanderfræ, cumin-fræ og fennikufræ við vægan hita á pönnu, þangað til fræin eru orðin brún. Malið þau síðan í kaffikvörn.*

*Setjið 2 msk. af olíu í sama pottinn og var notaður til að steikja kjötið og hitið hana. Brúnið lauk, hvítlauk og engifer. Bætið svo við öllu kryddinu og steikið áfram í nokkrar mínútur. Bætið kjötinu við og hrærið.*

*Bætið loks við tamarind, vatni, kókosmjólk og salti. Hrærið og látið koma upp suðu. Lækkið hitann, setjið lok á pottinn og látið krauma í klukkutíma eða þangað til kjötið er orðið mjúkt.*






# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 5. júní 2009

# ÓHRÆDDUR VIÐ AÐ VERA ÖÐRUVÍSI

**Ísak Freyr Helgason, 19 ára förðunarfræðingur, á erfiða æsku að baki. Í dag er hann í draumastarfinu og er kominn með eigin aðdáendaklúbb.**

## VINSÆLAR TÖSKUR

Agnes Marinósdóttir hannar undir nafninu Aggystar.

## DÁI KVEN-LEG SNIÐ

Þorgerður Þórhallsdóttir nemi á ævintýralegan fataskáp.

## TÍSKA FYRIR ROKKPÍUR

Christophe Decarnain slær í gegn hjá tískuhúsinu Balmain í París.

ALLT Í FERÐALAGIÐ OG BÚSTAÐINN

SJÓNVÖRP - FERÐATÆKI - MP3 SPILARAR
MYNDAVÉLAR - TÖKUVÉLAR - MINNISKORT




MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM MEÐ INNBYGGÐUM DVD

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# núna
✻ lærir að prjóna

## ÓLAFUR HAUKUR JOHNSON

„Eftir vinnu í dag fer ég í fótbolta með hóp af enskum strákum sem ég spila með hérna í London og svo með kærustunni út að borða á uppáhalds taílenska veitingastaðinn okkar. Á morgun ætla ég í hádegismat með tilvonandi skólafélögum mínum sem eru að fara til Boston og svo í golf með nokkrum Íslendingum sem búa hér.“





### Flytja til Los Angeles

Meðlimir Steed Lord hafa í mörgu að snúast þessa dagana. Þau eru nú að leggja lokahönd á breiðskífu sem er endurhljóðblanda af þeirra fyrstu plötu „Truth Serum.“ Þau luku einnig nýverið við að semja lagið Transilvania fyrir nýjustu plötu Crookers, A Ton Of Friends, en þekktir tónlistarmenn á borð við Kanye West, Roisin Murphy og Kelis koma við sögu á plötunni. Í sumar verður Steed Lord á ferðalagi um Evrópu og held-ur svo á túr í Ástralíu seinna á árinu. Að Ástralíutúrnum loknum hafa þau M.E.G.A., Kali, Demo og AC Bananas í hyggju að flytja til Los Angeles svo aðdáend-ur Steed Lord ættu ekki að láta sig vanta á hörkutónleika með sveitinni sem fara fram á Jacobsen annað kvöld.

### Á von á barni



Leikkonan Kristín Þóra Haraldsdóttir á von á sínu fyrsta barni með eiginmanni sínum, Kára Allanssyni, organista og kórstjóra. Kristín lék í sýningunni Ökutímar í Borgarleikhúsinu, en hún þurfti að segja skilið við hlutverk sitt í lok maí, enda komin rúma sjö mánuði á leið.

Agnes Marinósdóttir hannar undir nafninu Aggystar:

# ÍSLANDS- OG PRJÓNA-MUNSTUR VINSÆL

Þetta var eiginlega bara spurning um frumkvæði,“ segir Agnes Marinósdóttir, 29 ára vöruhönnuður. Agnes hannar undir nafninu Aggystar og hafa tölvutöskur hennar, snyrtiveski og buddur verið mjög vinsæl síðan þau komu í verslanir fyrir um einu ári.

„Ég fór í Iðnskólann í Hafnarfirði eftir stúdent og tók vöruhönnun, en þetta gerðist bara heima hjá mér, óháð því sem ég gerði í skólanum. Þetta var langt ferli frá því að hugmyndin fæddist fyrir tveimur árum, þangað til vörurnar urðu til, því það tók alveg heilt ár að vera í tölvupóstsamskiptum við útlönd, finna traust fyrirtæki, mynda sambönd og fá prufur,“ útskýrir Agnes. „Upphaflega var ég að hanna fyrir túristabransann því mig langaði að poppa hann aðeins upp með litum og gera hann aðeins flippaðri en gengur og gerist. Það þróaðist svo út í að Íslendingar vildu þetta og allir virtust vera að fíla þetta Íslandsmunstur,“ segir hún og brosir. „Ég er líka með prjónamunstur sem ég skannaði inn í tölvu og Olga vinkona mín lagaði með grafískri hönnun. Það er uppselt í augnablikinu, en ég reikna með að panta það aftur fljótlega,“ segir Agnes sem notar svokallað Neoprofene-efni í veskin og töskurnar. „Þetta er sama efni og notað í köfunargalla, en ég valdi það bæði af því að það er svo mjúkt, endingin er góð og það er hægt að henda því í þvottavél,“ bætir hún við og segir mikið að gera um þessar mundir þar sem ferðamannatímabilið stendur sem hæst frá maí til september.

Agnes hefur einnig hannað tölvuborð úr plexígleri, en borðið er mjög létt og er til dæmis kjörið undir fartölvur sem setið er með uppi í rúmi eða sófa og hitna mikið. „Borðið er búið til hjá Forma í Hafnarfirði og ég er að láta hanna utan um það pakkningar svo það verður alíslenskt,“ útskýrir Agnes. „Draumurinn er að framleiða allt á Íslandi og koma vörunum svo í sölu erlendis. Ég held að margir hönnuðir séu að hugsa þannig og það myndi styrkja atvinnuveginn,“ segir hún. Vörur Agnesar fást nú í fjölda verslana um allt land, en nánari upplýsingar má einnig finna á Facebook-síðu Aggystar.

þetta HELST





**Litríkt** „Upphaflega var ég að hanna fyrir túristabransann því mig langaði að poppa hann aðeins upp með litum og gera hann aðeins flippaðri en gengur og gerist,“ segir Agnes.




Opið virka daga
9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardaga
9⁰⁰ - 13⁰⁰

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5




**Hollusta** Ferskir ávaxta- og grænmetissafar eru uppistaðan í Safakúrnum.

# Þrjú kíló fá að fjúka á einni viku

Út er komin bókin „Sjö daga safakúrinn“ hjá Forlaginu og ætti hún að vera kærkomin í eldhús þeirra sem vilja koma sér í sundfataformið. Að sjálfsögðu þurfa allir að passa sig á skyndikúrum en safaföstur eru nokkuð sem eiga að hreinsa líkamann og gefa okkur aukna orku. Í bókinni eru 42 uppskriftir að ljúffengum og heilsusamlegum drykkjum ásamt greinargóðum upplýsingum um kúrinn og áhrif hans. Það eina sem maður þarf að eiga er góð ávaxta/grænmetispressa og sneisafullur ísskápur af grænmeti og ávöxtum.

**HÉR FYLGIR EIN AF UPPSKRIFTUNUM ÚR BÓKINNI**

**Ber fyrir flatan maga:**

3 epli
150 ml trönuberjasafi án viðbætts sykurs
125 g bláber, fersk eða frosin
1 msk. psyllium-trefjar í duftformi.

## ✻ augnablikið



**SÉRSTÖK** Fergie úr Black Eyed Peas mætti í þessum sérstaka blágræna kjól og háhæluðum bandaskóm á MTV-verðlaunahátíðina í Japan í síðustu viku.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


lagersala
Seljum síðustu eintök af eldri húsgögnum, komið og gerið góð kaup! 40-70% afsláttur
Flestar rúmgrindur með 60% afslætti!
Síðustu eintökin! Ekki alveg sömu húsögn eftir í báðum verslunum!
KERALA stólar verð 9.990,- nú 5.994,-
BRÚNN SÓFI verð 69.900,- nú 41.940,-
STÓLAR tveir saman verð 19.900,- nú 11.940,-
NEWPORT bókaskápur verð 29.900,- nú 17.940,-
VINREKKI verð 15.900,- nú 6.360,-
TOULON hvítur skápur verð 19.900,- nú 7.960,-
VINNUSTÖÐ verð 69.900,- nú 41.940,-
3 fyrir 2 af öllum snyrtivörum um helgina
ENIS sjónvarpsskenkur verð 24.900,- nú 15.540,-
TAMMANSETT borð og fjórir stólar verð 29.900,- nú 17.940,-
BARSTÓLAR tveir saman verð 17.900,- nú 8.950,-
SINGA borðstofuborð verð 29.900,- nú 14.950,-
Vinsælu keramik borðin komin aftur frábært verð!
NESTISKARFA fyrir 4 4990,-
TAPASSETT 2.990,-
KERAMIKSTÓLL 7.990,-
STERKT OG FALLEGT SVALASETT borð og tveir stólar 19.900,-
KERAMIKBORÐ 16.990,-
GARÐFÍLL 1.490,-
ÚTIKERTI 690 ,-
the PIER
Gleðilegt sumar!
Nýjar sumarvörur í hverri viku
Lagersalan er aðeins þessa helgi föstudag til sunnudags
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# SAGÐI SKILIÐ VIÐ ÞRÁHY

**Ísak Freyr Helgason er 19 ára menntaður förðunarfræðingur og kom fyrst fyrir sjónir landsmanna í þættinum Nýtt útlit á Skjá einum í vetur. Í viðtali við Föstudag segir hann frá uppvaxtarárunum, vinnunni og framtíðardraumunum.**

*Viðtal:* Alma Guðmundsdóttir
*Ljósmyndir:* Anton Brink

Ég ætlaði alltaf að verða hárgreiðslumaður þegar ég var yngri og þegar frænkurnar komu í heimsókn voru ekki liðnar fimm mínútur áður en ég var kominn í hárið á þeim," segir Ísak og viðurkennir að tískuáhuginn hafi kviknað snemma. „Þegar ég var lítill fannst mér mjög gaman að hlusta á tónlist, dansa og klæða mig í alls konar föt. Ég málaði líka mikið, samdi ljóð og var alltaf á línu listarinnar. Ég skar mig því fljótlega úr og það varð til þess að ég var mikið einn með sjálfum mér," bætir hann við.

Ísak er fæddur og uppalinn á Ólafsfirði, en á leikskólaaldri greindist hann með ofvirkni og athyglisbrest sem mörkuðu djúp spor í æsku hans. „Við mamma fluttum suður á Hofsvallagötuna árið 1997 og ég fór í Melaskóla. Það var mjög erfiður tími þar sem mamma vann vaktavinnu í sjoppu á Hverfisgötunni og ég þurfti alltaf að ganga einn heim og opna fyrir mér sjálfur. Hálfu ári síðar fluttum við aftur heim, en árið 1998 komum við aftur suður og ég var vistaður inni á Bugl. Þá var ég bara átta ára og man því óljóst eftir þessu, en ég man að mér fannst erfitt að koma aftur í bæinn, þurfa að gista einn á Bugl og vera án mömmu í fyrsta skipti. Það var alltaf mikill ótti í mér sem ég tengdi ef til vill eineltinu heima á Ólafsfirði. Ég var með mikinn athyglisbrest og þráhyggju sem fólst til dæmis í að opna og loka hurðum oft í röð og var settur á þunglyndislyf. Þau gerðu það að verkum að ég hafði litla stjórn á skapinu og fitnaði mikið, sem gerði illt verra þegar ég kom aftur heim til Ólafsfjarðar og var orðinn miklu þyngri," útskýrir Ísak. „Ég hætti því á lyfjunum, en var síðan látinn á Ritalin. Það hjálpaði mikið til, en samt ekki nóg því ég átti mjög erfitt með að hafa stjórn á mér og átti því nánast engan vin á þessum tíma," útskýrir Ísak. „Það er mín upplifun að maður læri að lifa með þessu eftir því sem maður þroskast og verður eldri, að töflur einar og sér leysi ekki vandann. Auk þess hefur mamma hjálpað mér alveg gríðarlega mikið að takast á við þetta og hefur verið minn helsti stuðningsmaður hvað þetta varðar," útskýrir Ísak sem flutti alfarinn til Reykjavíkur árið 2001, þegar hann var ellefu ára.

## ÖFGANNA Á MILLI

„Við mamma fluttum í Breiðholtið og ég fór í Seljaskóla, en út af veikindunum var mikið vesen með mig í grunnskóla. Ég var meira fyrir að skapa og gera öðruvísi hluti heldur en að fara út í fótbolta og varð því fyrir miklu einelti. Ég átti líka mjög erfitt með að einbeita mér í tímum. Okkur var ráðlagt að ég færi í Ölduselsskóla þar sem var sérdeild og ég hafði sérkennara, en ég fann mig aldrei og var sendur í aðra greiningu á Bugl. Þá var búið að reyna allt svo síðasta úrræðið var að ég færi á Geldingalæk, sem var meðferðarstofnun úti á landi," segir Ísak. „Allt var mjög stórt í sniðum á Geldingalæk. Húsið var stórt, búgarðurinn risastór og umhverfis var ekkert nema náttúran og víðáttan. Við vorum um sex strákar hjá hjónunum sem ráku þetta auk tveggja starfsmanna. Þetta var erfitt til að byrja með því ég mátti ekki sjá mömmu í tvo mánuði og mér fannst reglurnar strangar. Ég lærði mikið á því að vera þarna, en fyrirkomulagið var þannig að því fyrr sem árangurinn kom í ljós því fyrr varstu tilbúinn að fara aftur heim. Ég man eftir því að allt gekk vel þangað til í lokin, þá fór fullkomnunaráráttan að gera vart við sig og hugsunin um að komast heim orðin það sterk að ég var kominn í mína eigin geðveiki, sem ég þó leyndi. Ég var á Geldingalæk í ár og kom heim í miðjum áttunda bekk. Þegar ég byrjaði í Breiðholtsskóla var áráttan á fullkomnun orðin það mikil að mig var farið að verkja í allan líkamann. Ég hélt að ég væri kominn með sjúkdóm og að ég væri ekki fullkominn lengur, sem þýddi vikulega heimsókn á læknavaktina. Eina vikuna heilaæxli og hina eitthvað annað," útskýrir Ísak.

„Sumarið eftir áttunda bekk urðu miklar breytingar á lífi mínu. Ég var djúpt sokkinn í þráhyggju og átti erfitt með að fara út því ég var ekki nógu fallegur fyrir almenning að mér fannst. Ég fór því að hreyfa mig á kvöldin þegar fólk var ekki á sveimi og endaði síðan á að kaupa mér kort í ræktina. Ég æfði alltaf snemma á morgnana, um miðjan daginn og síðan á kvöldin. Eitt grænt epli var nánast það eina sem fór upp í mig yfir daginn. Á fjórum mánuðum var ég kominn úr 108 kílóum niður í 55 kíló. Ég var orðinn það mjór að mamma hafði rosalegar áhyggjur af mér og ég þurfti að fara í mælingar í hverri viku," útskýrir Ísak og segist hafa ákveðið að snúa við blaðinu.

„Á einum tímapunkti stóð ég inni í herberginu mínu og hugsaði: „Hvað er ég að gera sjálfum mér?" Það eru ekki allir sem geta bara sagt stopp, en þarna kom einhver hugur í mig. Ég man að ég stóð upp úr rúminu mínu, lagði frá mér epli sem ég var að borða á gluggakistuna og ákvað að þessu yrði að linna," segir Ísak sem leitaði sér hjálpar vegna veikindanna sín í kjölfarið.

## KYNHNEIGÐIN AUGLJÓS

Aðspurður segist hann fyrst hafa komið út úr skápnum í 10. bekk. „Það var mjög fyndið því það var svo greinilegt. Það eina sem ég var ekki búinn að gera var að segja það upphátt. Ég man að ég fór og sagði við mömmu þar sem hún sat og var að lesa, að við þyrftum að ræða saman. Hún leit upp og spurði hvort eitthvað væri að í skólanum. Þegar ég neitaði því spurði hún: „Ísak minn, ætlarðu að segja mér að þú sért samkynhneigður?" Þegar ég játaði því sagði hún: „Elskan mín, ég vissi það þegar þú varst tveggja ára," útskýrir Ísak brosandi og segir kynhneigðina aldrei hafa verið neitt mál gagnvart vinum hans á þeim tíma. „Ég eignaðist mjög góða vini, reyndar aðallega stelpur, en það var aldrei neitt vandamál. Mér var aldrei strítt vegna kynhneigðar minnar. Ég gerði bara það sem ég vildi og klæddi mig eins og mér sýndist," bætir hann við.



## Í HEIMI TÍSKUNNAR

Í byrjun síðasta árs hóf Ísak förðunarnám í EMM school of make up og útskrifaðist þaðan um vorið. Í kjölfarið bauð Sóley Ástudóttir, eigandi EMM, honum vinnu við að aðstoða sig og síðasta sumar tók Ísak þátt í förðunar- og hárgreiðslukeppninni Hamskiptum þar sem hann bar sigur úr býtum. „Eftir að ég fór að vinna fyrir Sóleyju fór allt að rúlla. Ég sá svo auglýst hárgreiðslunámskeið fyrir förðunarmeistara hjá Kalla (Karli Berndsen, hárgreiðslu- og förðunarmeistara), en hann var þá nýkominn til landsins og ekki búinn að opna stofuna sína Beauty-barinn. Ég fór á námskeiðið og mánuði síðar bað hann mig um að aðstoða sig í verkefni. Ég var svolítið stressaður og misskildi verkefnið þannig að ég víxlaði förðuninni á konunum tveimur sem var verið að mála. Ég man að ég stóð þarna í sjokki, fannst ég vera búinn að rústa samstarfi okkar og fór nánast grenjandi heim. Hann hringdi svo aftur í mig stuttu síðar, bað mig um að aðstoða í öðru verkefni og bauð mér svo vinnu eftir að hann opnaði Beauty-barinn," útskýrir Ísak og segir þá Karl vinna mjög vel saman, en Ísak var einnig aðstoðarmaður hans í þáttunum Nýtt útlit á Skjá einum í vetur.

**Starfsemin kynnt.** Kynnt verður sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, fótaðgerðarfræðingur, áhugahópar, Birtufólkið, hópþjálfun, Gigtarlínan, fræðsla og ráðgjöf, ofl. Beinþéttnimæling verður á staðnum.
**Vörukynningar.** Eftirtalin fyrirtæki munu kynna vörur sínar: Össur, A. Karlsson, Eirberg, Stoð, Lýsi, Iljaskinn og Villimey. Prentsmiðjan Oddi styður dagskránna.

15:00 Lokið

***Allir eru velkomnir***

Gigtarfélag Íslands - Ármúla 5 - Reykjavik

# Frábært verð
## á UNITED flatskjám

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**UNITED**

**22" LCD breiðtjaldsjónvarp með DVD spilara** TVD8822
- 22" 16:10 LCD sjónvarp
- 12v og 220v
- Innbyggður DVD spilari
- Upplausn: 1680x1050
- Textavarp
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Sjálfvirk stöðvaleit
- Scart, HDMI, RCA, S-Video og VGA tengi
- Fjarstýring
- 12v kapall fylgir

**79.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**UNITED**

**19" LCD breiðtjaldsjónvarp með DVD spilara** TVD8819
- 19" 16:10 LCD skjár
- 12v og 220v
- Upplausn: 1440x900
- Innbyggður DVD spilari
- Aðgerðarhnappar á tækinu
- Textavarp
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Sjálfvirk stöðvaleit
- Scart, Video, S-Video & VGA tengi
- Fjarstýring
- 12v kapall fylgir

**49.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**OLYMPUS**



**Olympus digital myndavél með 10.7 MegaPixlar**
FE45
- 10.7 MegaPixlar
- 3x Optical Zoom (36-108mm samb. 35mm)
- 1/2.33" CCD upptökuflaga
- Stór og skýr 2.5" TFT skjár
- Advanced Face Detection - Andlitsþekkjari
- Digital Image Stabilisation - Hristivörn
- Hreyfimyndataka með hljóði
- 12 stöðluð Scene modes
- Sjálfvirkt flass
- Red Eye Reduction - Fjarlægir rauð augu
- ISO: 100-1600
- Tekur xD og microSD kort

**18.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**OLYMPUS**



**Digital myndavél með 12 MegaPixlar**
FE3010SV
- 12 MegaPixel
- 3x Optical Zoom
- 1/2.33 '' CCD flaga
- Brennivídd: 6.3 - 18.9 mm(samb. 35mm: 36 - 108 mm)
- Stór og skýr 2.7" LCD skjár
- Face Detection - andlitsþekkjari
- Digital Image Stabilization - hristivörn
- Hreyfimyndataka með hljóði
- 15 Scene modes
- Iso næmni: 100-1600(auto)
- Tekur xD og microSD kort
- Hugbúnaður og kaplar fylgja

**23.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Wassermaxx sódavatnstæki**
WassermaxxHV
- Einfalt í notkun
- Fylgir með bæði 1L og 0.5L flöskur
- Hægt að fá bragðefni
- Kolsýruhylki dugar fyrir allt að 60L
- Litur: Hvítt, rautt, svart

**19.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**TOSHIBA**



**Toshiba DVD Spilari**
SD186
- Progressive Scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Dolby Digital og DTS
- Scart (með RGB), Component og CVBS tengi
- Digital Coaxial tengi
- Fjarstýring

**11.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**



**Philips þráðlaus DECT sími**
CD1401B
- Þráðlaus DECT sími
- 20 númer í minni
- 12 tíma hleðsla í notkun og 5 dagar í bið
- Endurval í síðustu 10 númer
- Sýnir númer sem hringir

**5.490kr** FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**



**Philips MP3 spilari með innbyggðum diktafón** SA1942
- Lítill og nettur MP3 spilari
- 4GB
- Innbyggður diktafónn
- Innbyggður míkrafónn
- Styður MP3/WAV/WMA
- Equalizer - tónjafnari
- Skýr LCD skjár
- Lithium rafhlaða með allt að 27 klukkustunda afspilun
- Hugbúnaður, kaplar og heyrnartól fylgja

**7.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 11. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > Atli orðaður við Hibernian

Atli Eðvaldsson var nokkuð óvænt orðaður við þjálfarastöðuna hjá skoska úrvalsdeildarfélaginu Hibernian. Hann staðfesti í samtali við skoska blaðið Daily Record að hann hefði vissulega áhuga á starfinu. Atli útskrifaðist á dögunum með UEFA-Pro þjálfaragráðu sem gerir honum kleift að þjálfa hvar sem er í heiminum. Atli er þó ekki einn um hituna því aðrir stjórar hafa verið orðaðir við stöðuna. Atli hefur þjálfað mörg félög hér á landi sem og íslenska landsliðið.



**sport**

sport@frettabladid.is

**DREGIÐ Í 32 LIÐA ÚRSLIT VISA-BIKARKEPPNI KARLA Í GÆR:** UTANDEILDARLIÐIÐ CARL MÆTIR FH

# *Halda þeim í núllinu og taka þá í vítakeppninni*

Dregið var í 32 liða úrslit VISA-bikarkeppni karla í gær. Í hattinum voru þau 20 lið sem komust í gegnum fyrstu tvær umferðirnar og í þann hóp bættust Pepsi-deildarliðin tólf. Í fyrsta sinn í sögu bikarkeppninnar komst utandeildarlið áfram í 32 liða úrslitin en það er liðið Carl. Það fékk ærið verkefni í næstu umferð því það dróst gegn Íslandsmeisturum FH.

Carl er skipað mörgum gömlum kempum úr íslensku knattspyrnulífi. Þjálfari liðsins, forseti og vítaskytta er Sigurður Ágústsson og meðal leikmanna má nefna Finn Kolbeinsson, Kristin Tómasson, Gunnar Pétursson, Sverri Sverrisson, Rút Snorrason, Þorstein Sveinlaugsson, Þorvald Makan og Tómas Inga Tómasson. Þá er Eyjólfur Sverrisson sérstakur tæknilegur ráðgjafi þjálfara.

„Ég myndi segja að þetta gæti hugsanlega orðið erfitt verkefni," sagði Tómas Ingi í léttum dúr. „Ég tel að FH sé nefnilega með ágætt lið."

Hann neitaði því ekki að þetta væri draumadráttur. „Við vildum annað hvort fá FH eða KR. Við fengum svo besta liðið á Íslandi í dag, það er ekki flókið."

Hann segir að liðsmenn Carl fari óhræddir í leikinn. „Við förum í leikinn til að vinna hann. Við höfum verið í sambandi í gegnum tölvupóst þar sem við náum ekki að æfa oft saman en við ætlum að æfa minnst tvisvar fyrir þennan leik. Þá munum við leggja áherslu á vítaspyrnurnar. Stefnan er að halda þeim í núllinu og klára þá í vítakeppninni. Fótbolti er jú einföld íþrótt."



Hann segir þó að varnarleikur sé ekki sterkasta hlið Carl. „Við kunnum ekki að spila í vörn. Við sækjum yfirleitt á minnst sjö leikmönnum."

Carl fékk heimavallarréttinn en vill færa leikinn í Kaplakrika og spila hann á þjóðhátíðardaginn, 17. júní. „Allur peningurinn sem kemur til okkar í þessum leik fer til Umhyggju, félags langveikra barna," sagði Tómas Ingi og hvatti því alla til að koma á leikinn og leggja um leið góðu málefni lið.

Sjálfur spilaði Tómas síðast „alvöru" leik fyrir sjö árum. „Mig minnir að ég hafi verið alveg þrælgóður."



**BIRGIR LEIFUR** Fann sig vel á Opna velska mótinu í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Birgir Leifur Hafþórsson:

## Byrjaði vel á Opna velska

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, byrjaði vel á Opna velska mótinu í golfi í gær þegar hann lék fyrsta hringinn á tveimur höggum undir pari Celtic Manor-vallarins.

Birgir Leifur lauk fyrsta keppnisdeginum í 19.-36. sæti en meðal keppenda í mótinu eru kylfingar á borð við Colin Montgomerie og Paul Lawrie. **- óþ**






# Aldrei lent í álíka áföllum

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi í gær 21 manns hóp fyrir lokasprettinn í undankeppni EM. Hópurinn getur enn tekið breytingum enda margir leikmenn í hópnum tæpir vegna meiðsla eða nýbyrjaðir að æfa á ný.**

**HANDBOLTI** Lokaspretturinn til Austurríkis fer fram í þessum mánuði en þá leika strákarnir okkar fjóra leiki. Liðið er í efsta sæti síns riðils en í ljósi ótrúlegra affalla í hópnum er ljóst að það verður við ramman reip að draga og ekki sjálfgefið að liðið nái þeim stigafjölda sem þarf til að komast á EM.

„Aðstæðurnar fyrir þessa leiki eru afar sérstakar og ég held að aldrei áður í sögunni hafi landsliðið lent í eins miklum áföllum og núna. Það hefur tekið sinn tíma að púsla saman þessum hópi sem þó gæti tekið breytingum. Ef menn eru ekki tilbúnir þá þarf að skipta þeim út," segir Guðmundur við Fréttablaðið.

Hann er án fjölda lykilmanna og svo eru í hópnum menn sem eru annaðhvort meiddir eða nýstignir upp úr meiðslum og algjört spurningarmerki hversu mikið þeir geta beitt sér. Það vekur sérstaka athygli að sjá þá Snorra Stein Guðjónsson og Aron Pálmarsson í hópnum. Snorri er enn í endurhæfingu og átti ekki að vera tilbúinn fyrr en í lok sumars og Aron fór í aðgerð fyrir skömmu.

„Það kemur mér líka á óvart að sjá Snorra í hópnum. Endurhæfingin hefur gengið vel en auðvitað er ákveðin óvissa í kringum hann. Samt eru vísbendingar um að hann sé að jafna sig. Við sjáum hvernig honum gengur á æfingum en hann er þar á sínum hraða. Það er svipuð staða á Aroni því þeir eru báðir að stíga sín fyrstu skref þessa vikuna," segir Guðmundur.

Alexander Petersson er einnig í hópnum nýkominn til baka eftir átta mánaða fjarveru. Annar harðjaxl, Guðjón Valur Sigurðsson, er einnig með þó svo hann sé meiddur og eigi að fara í aðgerð sem fyrst.

„Guðjón ber sig vel og það er mikil pressa á að koma honum í aðgerð sem fyrst. Hann á að spila þrjá fyrstu leikina af þessum fjórum," sagði Guðmundur.

Heiðmar Felixson er kominn í hópinn á ný en hann var þar síðast á HM í Portúgal árið 2003 en þá var Guðmundur einmitt einnig þjálfari landsliðsins.

„Heiðar hefur verið að glíma við að það eru aðrir frábærir menn sem spila í hans stöðu. Hann hefur verið að spila vel í Þýskalandi og ég tel að hann geti hjálpað okkur á báðum endum vallarins."

Ólafur Stefánsson ákvað að gefa ekki kost á sér þrátt fyrir vandræðin.

„Ég hef talað í þrígang við Ólaf. Hann ætlar að standa við það að taka frí í eitt ár en ég vonast til þess að hann endurskoði sína ákvörðun eftir þann tíma. Ég virði samt ákvörðun hans og tel að allir eigi að gera það. Ólafur hefur gefið íslenskum handbolta ótrúlega mikið." **henry@frettabladid.is**



**MIKIÐ UNDIR** Guðmundur Guðmundsson á erfitt og krefjandi verkefni fyrir höndum á næstu vikum. Sætti á EM í Austurríki er í húfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### LANDSLIÐSHÓPURINN

**Markverðir:**

| | |
|---|---|
| Björgvin P. Gústavsson | Schaffhausen |
| Hreiðar L. Guðmundsson | Emsdetten |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Vignir Svavarsson | Lemgo |
| Andri Stefan | Fyllingen |
| Guðjón Valur Sigurðsson | RN Löwen |
| Snorri Steinn Guðjónsson | GOG |
| Heiðmar Felixson | Burgdorf |
| Alexander Petersson | Flensburg |
| Sverre Jakobsson | HK |
| Róbert Gunnarsson | Gummersbach |
| Ingimundur Ingimundarson | Minden |
| Þórir Ólafsson | Lubbecke |
| Árni Þór Sigtryggsson | Akureyri |
| Ragnar Óskarsson | Dunkerque |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Rúnar Kárason | Fuchse Berlin |
| Stefán Baldvin Stefánsson | Fram |
| Kári Kristjánsson | Amicitia Zürich |
| Sigurbergur Sveinsson | Haukar |
| Fannar Friðgeirsson | Valur |
| Freyr Brynjarsson | Haukar |
| **Leikirnir sem Ísland á eftir:** | |
| 10. júní | Belgía-Ísland |
| 14. júní | Ísland-Noregur |
| 17. júní | Ísland-Makedónía |
| 21. júní | Eistland-Ísland |

### 32 LIÐA ÚRSLITIN

**Í VISA-bikarkeppni karla**

| | |
|---|---|
| Keflavík - Einherji | **Carl - FH** |
| Grindavík - ÍA | **Grótta - KR** |
| Hvöt - Breiðablik | **Selfoss - Höttur** |
| Þór - Víkingur Ó. | **Fylkir - Stjarnan** |
| Valur - Álftanes | **KA - Afturelding** |
| Víðir - Þróttur R. | **ÍBV - Víkingur R.** |
| Fram - Njarðvík | **Reynir S. - KV** |
| Fjölnir - HK | **Haukar - Fjarðabyggð** |

*Leikirnir fara fram 17. og 18. júní*



**EKKERT VANMAT** Mark van Bommel í baráttunni við Emil Hallfreðsson.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Hollendingar og HM 2010:

## Farseðillinn klár með sigri

**FÓTBOLTI** Ísland og Holland mætast í undankeppni HM 2010 á Laugardalsvelli á morgun. Sigur tryggir hollenska liðinu sæti í sjálfri úrslitakeppninni í Suður-Afríku á næsta ári.

Holland er með fullt hús stiga eftir fimm leiki en Mark van Bommel, fyrirliði Bayern München, á von á erfiðum leik á morgun og varar menn við að vanmeta Íslendinga.

„Ég man að Ísland gerði jafntefli við Spán heima fyrir tveimur árum," sagði van Bommel í samtali við hollenska fjölmiðla í gær.

„Þetta verður alls ekki auðveldur leikur fyrir okkur en við viljum endilega tryggja okkur sæti á HM eins fljótt og mögulegt er," segir van Bommel. **- esá**




# SÍÐUSTU DAGAR UM HELGINA

FARTÖLVUR

NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR

# RÝMINGARSALA

acer TOSHIBA msi ASUS

## FARTÖLVUR

### TVÖ OFURDÆMI



**79.990**

FULLT VERÐ KR. 119.990

**Acer Extensa 5620-2A2G16MI**

1.4GHz Intel Core 2 Duo T5270 örgjörvi • 2GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite breiðtjaldsskjár • Intel GMA X3100 PCI Express skjákort • Þráðlaust netkort með Acer InviLink og Acer SignalUp tækni • Windows Vista Business



**99.990**

FULLT VERÐ KR. 129.990

TOSHIBA

**Toshiba Satellite PRO S300-100**

1.8GHz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 120GB harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • 3G mótald • Windows Vista Business ásamt XP Pro.

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |



> **Steve Coogan**

„Ég á erfitt með að vera eðlilegur fyrir framan myndavél. Þess vegna leik ég oftast kjánalega eða óaðlaðandi menn."

*Coogan fer með aðalhlutverkið í myndinni Fjarvistarsönnunin (The Alibi) sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.*

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÆTTIST VIÐ FORTÍÐINA**

# Líf mitt sem sjónvarpsfíkill

Þegar ég var yngri, svona tólf ára, gat ég þulið upp sjónvarpsdagskrána án skekkjumarka. Ég átti auðvelt með að greina heimilisfólkinu frá því hvað væri nú hægt að horfa á. Þegar þeirri stuttu tölu var lokið gátu fjölskyldumeðlimirnir tekið rökstudda og vel ígrundaða ákvörðun um á hvað skyldi horft þetta kvöldið. Ég fékk sjálfur engu um það ráðið, enda yngstur á þeim tíma.



Þessi árátta með sjónvarpsdagskrána hélt áfram á táningsárunum en vendipunkturinn varð þegar ég las grein í Morgunblaðinu um ameríska sjónvarpsfíkla. Þeir voru með tvö og þrjú sjónvörp í hverju herbergi og þetta voru engar míní-útgáfur heldur risastór tæki. Veggirnir í svefnherberginu voru nánast veggfóðraðir með imbakössum og ég áttaði mig á því að ég stæði á krossgötum í lífi mínu. Annaðhvort myndi ég flytja til Bandaríkjanna eða ég myndi láta af þessum sjúklega áhuga á sjónvarpi og einbeita mér að einhverju öðru.

Það tókst alveg ágætlega þótt sjónvarpið leiki enn stórt hlutverk þegar ég þarf að nálgast heilalausa afþreyingu. Ég þarf þó, kannski sem betur fer, að ná í dagskrársíður dagblaðanna og athuga hvað gæti verið spennandi í sjónvarpinu þótt vissulega endi sú leit yfirleitt á íþróttarásunum og á langri sannfæringarræðu um að fátt merkilegt sé í sjónvarpinu nema kannski endurtekin útsending frá úrslitaleik Meistaradeildarinnar í Róm eða bein lýsing frá US Open. Ég hef hins vegar vanið mig af þeim ljóta ávana að horfa á sjónvarpið, bara til að horfa á sjónvarpið.

**VENDIPUNKTUR** Blaðagreinin um amerísku sjónvarpsfíklana varð vendipunktur í lífi mínu.

## FÖSTUDAGUR



▶ **17.40** The Sopranos STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.15** Auddi og Sveppi STÖÐ 2



▶ **20.00** Erin Brockovich STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Survivor SKJÁREINN



▶ **21.10** Heimkynni SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**07.00 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur** Bein útsending frá úrslitakeppni í sundi.
**11.00 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur** (e)
**13.15 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur - Samantekt** (3:6) (e)
**13.30 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur** Bein útsending frá úrslitakeppni í strandblaki.
**15.50 Leiðarljós** (e)
**16.30 Leiðarljós** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Spæjarar** (21:26)
**17.42 Snillingarnir**
**18.05 Sápugerðin** (5:12) (e)
**18.30 Bergmálsströnd** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Popppunktur**
▶**21.10 Heimkynni** (Home) Frönsk heimildamynd eftir ljósmyndarann Yann Arthus-Bertrand um rányrkju mannskepnunnar á gjöfum jarðarinnar.
**23.05 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur - Samantekt**
**23.20 Fjarvistarsönnunin** (The Alibi) Bandarísk bíómynd frá 2006. Maður sem tekur að sér að útvega svikulum eiginmönnun fjarvistarsönnun. Aðalhlutverk: Steve Coogan, Rebecca Romijn, Deborah Kara Unger, Sam Elliott og Selma Blair.
**00.50 Söngvaskáld** (3:4) Eyjólfur Kristjánsson. (e)
**01.40 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur** Upptaka frá úrslitakeppni í strandblaki.(e)
**04.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 American Dreamz**
**10.00 Home alone 2**
**12.00 Erin Brockovich**
**14.10 Spin**
**16.00 American Dreamz**
**18.00 Home alone 2**
▶**20.00 Erin Brockovich** Erin Brockovich, einstæð móðir með þrjú börn, hefur störf hjá lögfræðistofu þar sem hún rannsakar úrgangslosun öflugs orkufyrirtækis.
**22.10 V for Vendetta**
**00.20 Small Time Obsession**
**02.05 The Night We Called It a Day**
**04.00 V for Vendetta**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Nornafélagið.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (23:25)
**09.55 Doctors** (24:25)
**10.20 Hæðin** (1:9)
**11.05 Logi í beinni**
**11.50 Grey's Anatomy** (3:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (205:260)
**13.25 Wings of Love** (74:120)
**14.10 Wings of Love** (75:120)
**14.55 Wings of Love** (76:120)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Saddle Club, Camp Lazlo og Nornafélagið.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (2:24) Ross er ekki enn búinn að ógilda giftinguna en Rachel heldur að það sé frágengið.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
▶**19.15 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**20.00 Total Wipeout** (2:9) Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur sem ekki nokkur maður getur staðist.
**21.00 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.
**21.25 Shark Swarm** Seinni hluti hinnar hörkuspennandi framhaldsmyndar mánaðarins.
**22.45 A Perfect Murder** Viðskiptajöfurinn Steven Taylor hefur fengið nóg af framhjáhaldi Emily, konunnar sinnar, með listamanninum David Shaw. Steven er auk þess í fjárhagskröggum en Emily á nóga peninga svo besta lausnin er að koma henni fyrir kattarnef.
**00.30 Get Rich or Die Tryin'**
**02.25 Kiss Kiss Bang Bang**
**04.05 Total Wipeout** (2:9)
**05.00 Stelpurnar**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Úrslitakeppni NBA** Útsending frá leik í úrslitarimmunni í NBA.
**17.55 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**18.25 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**18.50 NBA-tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum
**19.15 Úrslitakeppni NBA** Útsending frá leik í úrslitarimmunni í NBA.
**21.00 F1. Tyrkland / Æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Tyrklandi.
**21.30 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.
**22.00 Ultimate Fighter** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.
**22.45 Ultimate Fighter**
▶**23.30 Poker After Dark**
**00.15 Poker After Dark**
**01.00 F1. Tyrkland / Æfingar**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Man. City - WBA** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Portsmouth - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**22.50 Goals of the Season 2008** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**23.45 Football Rivalries: Ajax V Feyenoord** Í þessum þætti er fjallað um ríg hinna ýmsu liða í heiminum bæði innan vallar sem utan.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 The Game** (4:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.
**18.55 One Tree Hill** (19:24) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (31:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
▶**20.10 Survivor** (16:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
**21.00 Heroes** (22:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Nú þegar hæfileikar Nathans eru komnir fram í dagsljósið og hann er ekki lengur stjórnandi herferðarinnar gegn hetjunum fer hann í felur í Mexíkó með Claire. Danko ætlar að drepa alla sem búa yfir hetjuhæfileikum og finnur sér óvæntan bandamann í baráttunni.
**21.50 Painkiller Jane** (16:22) Spennandi þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirnáttúrlega hæfileika. Aðalhlutverkið leikur Kristanna Loken sem vakti mikla athygli í myndinni Terminator 3.
**22.40 World Cup of Pool 2008** (1:31)
**23.30 Brotherhood** (5:10) (e)
**00.20 The Game** (19:22) (e)
**01.10 The Game** (2:22) (e)
**01.35 Jay Leno** (e)
**02.25 Jay Leno** (e)
**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
**21.00 Mér finnst þáttur** Í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# LÍNAN



*sófar - sófasett - stólar - sófaborð - borðstofuborð - eldhúsborð eldhússtólar - sjónvarpsskápar - skápar - púðar - vasar*

# LAGERSALA AKRALIND 9

VIÐ HÖFUM DREGIÐ SAMAN SEGLIN TÍMABUNDIÐ OG LOKAÐ VERSLUNINNI Í BÆJARLIND. VIÐ MUNUM EINGÖNGU SELJA VÖRUR OKKAR Á LAGERSÖLU Í AKRALIND 9

**EINGÖNGU OPIÐ UM HELGAR**

LÍTIL YFIRBYGGING = LÆGRA VERÐ

## OPIÐ

**FÖSTUDAG 12 - 18**
**LAUGARDAG 12 - 16**

**ALLAR VÖRUR Á 40 - 50% AFSLÆTTI**

Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### Total Wipeout

Einn allra stærsti og óvæntasti smellurinn í íslensku sjónvarpi á liðnum vetri er skemmtiþátturinn Wipeout. Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur sem ekki nokkur maður getur staðist. Þetta er breska útgáfan og stjórnandinn er enginn annar en Richard Hammond, sá ungi og hressi í Top Gear.



## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Popppunktur

**Sjónvarpið kl. 20.10**

Felix Bergsson og Dr. Gunni eru mættir aftur með þáttinn Popppunkt. Hér takast á íslenskar hljómsveitir í spennandi spurningaleik, þar sem gáfur og viska ásamt snerpu, atgervi og heppni, ráða niðurstöðunni. Í fyrsta þætti Popppunkts mætast Reykjavík! og Eurobandið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Saga af bláu sumri
**15.25** Án ábyrgðar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Trompetmeistarar sveiflunnar
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (204:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**17.15 Hollyoaks** (205:260)

**17.40 The Sopranos** (15:26) Fjölskyldumaðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano hefur átt mikilli velgengni að fagna. Þrátt fyrir það er hann þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

**18.30 Lucky Louie** (11:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.

**18.50 Hollyoaks** (204:260)

**19.15 Hollyoaks** (205:260)

**19.45 Lucky Louie** (11:13)

**20.15 Grey's Anatomy** (5:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**22.00 Twenty Four** (19:24) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 frá upphafi. Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

**22.45 The Sopranos** (15:26)

**23.45 Fréttir Stöðvar 2**

**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.20** Dalziel and Pascoe **11.05** Dalziel and Pascoe **11.50** After You've Gone **12.20** The Weakest Link **13.05** EastEnders **13.35** My Hero **14.05** My Hero **14.35** After You've Gone **15.05** Dalziel and Pascoe **15.50** Dalziel and Pascoe **16.35** Any Dream Will Do **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **19.30** Rob Brydon's Annually Retentive **20.00** Jekyll **20.50** My Hero **21.20** After You've Gone **21.50** Dalziel and Pascoe **22.35** Dalziel and Pascoe **23.20** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.50** Rob Brydon's Annually Retentive

## DR 1

**11.40** Mød EU-kandidaterne **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.55** Chapper & Pharfar **14.15** S, P eller K **14.30** Monster allergi **15.00** Amigo **15.30** Sigurds Bjørnetime **16.00** Historier fra Danmark **16.15** Mød EU-kandidaterne **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** AHA Award - Ulf Pilgaard **19.00** TV Avisen **19.30** Den skjulte sandhed **21.20** Half Past Dead **22.55** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Ansikt til ansikt **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Sommerhuset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Blekkulf blir miljødetektiv **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.25** Småplukk **16.35** Nøtteliten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **18.00** Elvis - store øyeblikk **18.50** Riksarkivet **19.20** Detektimen. Lewis **20.55** Smilehullet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotell Babylon **22.05** Buddy Holly - historien om et rocke-ikon **22.55** Trygdekontoret **23.25** Kulturnytt **23.35** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.35** Jan och kungsfiskaren **13.05** Kan inte läsa **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Plus sommar **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Anslagstavlan **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Pistvakt **18.30** Sjukan **19.00** Ondskans spår **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Drömfångare **23.25** Sändningar från SVT24


3 w cenie 2

Kupujac 3 rzeczy w cenie 2 - 40%znizki

Najtańszy z trzech rzeczy bedzie darmowa

Skeifan 17
Opið alla daga 12:00 - 18.00

next

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*Þessa dagana er ég að hlusta á lagalista sem ég bjó til sjálf og heitir Laugardagsmorgunn. Þetta er blanda af notalegu gamaldagsrokki og mildu þungarokki.*

Arna Sigrún Haraldsdóttir fatahönnuður.

# Helvítis fokking fokk á forsíðu Hrunsins

Gunnar Már Pétursson myndlistarmaður er maðurinn sem færði fólkinu hin fögru orð: Helvítis fokking fokk! á skilti í mótmælunum á Austurvelli fyrr á þessu ári. Þessi fleygu orð urðu að hálfgerðri tákngervingu íslenska efnahagshrunsins, komu fyrir í Skaupinu þar sem Jón Gnarr gaf fólki innsýn inn í hvernig þetta skilti varð til. Og nú prýðir Gunnar bókakápuna á bók Guðna Th. Jóhannessonar, Hrunið, en hún fékkst með góðfúslegu leyfi Gunnars. „Það er afskaplega sérstakt að hafa öskrað eitthvað út úr sér sem svo margir geta tekið til sín og heimfært yfir á sig og sínar aðstæður,“ segir Gunnar. „Ef fólk getur það þá er það bara frábært.“

Gunnar var mjög sýnilegur í byltingunni og skiltið varð á örskammri stundu heimsfrægt á Íslandi. „Stærsta krafan var að stjórnin færi frá og hún gerði það. Svo er það fyrst núna sem maður sér einhverjar rannsóknir á ólöglegum viðskiptum.“ Gunnar bindur vonir við að þær rannsóknir haldi áfram.

Óneitanlega leitar hugurinn til frægrar myndar af Che Guevara fyrir kúbversku byltinguna. „Ég ætla nú ekki að fara að ætla henni sama stall og Che Guevara. En hún mun lifa eitthvað. Hún er búin að birtast það oft. Það eru örugglega nokkrar táknmyndir sem koma upp í hugann á fólki, hvort sem þær eru tíu eða tuttugu.“ - kbs




**LIFI BYLTINGIN** Gunnar sagði það sem brann á þjóðinni.



**LÁRÉTT**
**2.** bauti, **6.** fíngerð líkamshár, **8.** fornafn, **9.** bókstafur, **11.** leita að, **12.** orðtak, **14.** urga, **16.** pípa, **17.** ennþá, **18.** kvabb, **20.** tveir eins, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** munnvatn, **3.** umhverfis, **4.** græðgi, **5.** af, **7.** ólaglegur, **10.** viðmót, **13.** atvikast, **15.** sálar, **16.** espa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ló, **8.** mér, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** ískra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** suð, **20.** dd, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** slef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** frá, **7.** ófriður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** æsa, **19.** ðð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ólafur Darri Ólafsson.
2. Valur.
3. Bolli Þór Bollason.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

LÁRUS ARI KNÚTSSON: SKIPTIR MEIRA MÁLI FYRIR ÚTLENDINGA

# Bollywood-stjarna hrífst af íslenskri víðsýni

Indverska Bollywood-stjarnan og fegurðardrottningin Celina Jaitly hrósar Íslendingum og þá sérstaklega Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að vera í forystu í réttindabaráttu samkynhneigðra. Þetta kemur fram í bloggfærslu leikkonunnar sem birtist á vef indverska stórblaðsins Times of India. Jaitly hefur verið áberandi í indversku þjóðfélagi í baráttu sinni fyrir bættri réttarstöðu samkynhneigðra en á Indlandi er lögbrot að vera hommi eða lesbía. Jaitly greindi síðan frá því í þessari viku á sama stað að henni hefði verið hótað lífláti og öðrum líkamsmeiðingum vegna pistilsins þar sem Jóhönnu og íslensku þjóðinni er lýst sem hálfgerðri vonarstjörnu fyrir samkynhneigða.

Jaitly hefur augljóslega kynnt sér stjórnmálasögu Jóhönnu því hún hleypur á hundavaði yfir lífshlaup hennar. Greinir meðal annars frá því að hún hafi verið flugfreyja hjá flugfélaginu Loftleiðum og að hún hafi verið kosin fyrst á þing árið 1978. Þá segir Jaitly að hún sé eldhugi í huga íslensku þjóðarinnar sem bindi miklar vonir við að forsætisráðherranum takist að leiða þjóðina út úr þeim efnahagsvandanum.

Lárus Ari Knútsson, framkvæmdastjóri Samtakanna 78, segir það ekki koma sér á óvart að erlendir aðilar, sem berjist fyrir auknum réttindum samkynhneigðra, horfi til Íslands. „Hins vegar erum við Íslendingar ekkert uppteknir af kynhneigð stjórnmálamanna okkar, persónulega finnst mér hafa verið gert of mikið úr því að Jóhanna skuli vera samkynhneigð, hún er fyrst og fremst forsætisráðherra vegna þeirra gilda sem hún stendur fyrir,“ segir Lárus. Hann viðurkennir þó að erlendir fjölmiðlar hafi mikið haft samband við samtökin, óskað eftir ummælum og athugasemdum vegna stöðu Jóhönnu. „Já, fjölmiðlar frá Japan, Ástralíu og Bandaríkjunum hafa verið áberandi í þeim hópi. Sennilega vegna þess að þetta þykir nánast óhugsandi í þessum löndum.“

freyrgigja@frettabladid.is



**HRÓSAR ÍSLENDINGUM**
Bollywood-stjarnan og fyrrverandi ungfrú Indland, **Celina Jaitly**, hrósar Íslendingum og **Jóhönnu Sigurðardóttur** í hástert fyrir umburðarlyndi sitt og víðsýni. **Lárus Ari Knútsson**, framkvæmdastjóri Samtakanna 78, segir útlendinga vera uppteknari af þeirri staðreynd að íslenski forsætisráðherrann sé samkynhneigður, Íslendingum sé alveg sama um kynhneigð fólks.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Spánn hefur verið eitt best sótta landið meðal íslenskra ferðamanna en nú er talað um 65 prósenta samdrátt á ferðum landsmanna þangað. Einn er þó sá sem lætur ekki deigan síga, sem er Spánarvinurinn og húseigandi þar, **Sigurður Þ. Ragnarsson**, veðurmaður Stöðvar 2. Hann er að fara í þriðja sinn og flýgur utan á laugardagsmorgun.



Bjarni Haukur, leikhússtjóri Loftkastalans, situr ekki auðum höndum og leggur nú drög að næsta leikári. Á verkefnaskránni er franskur farsi, Boeing Boeing eftir Marc Camoletti, verk sem hefur verið að gera sig einkar vel í heimalandinu. Sigurður Sigurjónsson mun leikstýra verkinu en Davíð Þór Jónsson ætlar að þýða. Frumsýning er áætluð í janúar á næsta ári en Loftkastalinn hefur fengið til sín sjálfan **Kjartan Guðjónsson** í verkið og hefur Kjartan fengið sig lausan frá Þjóðleikhúsinu til að sinna því. Þá heyrist að meðal leikara verði einnig Harpa Arnardóttir og Gunnar Hansson.



Stuðmenn leggja ótrauðir land undir fót og gera þá hlé á upptökum nýrrar breiðskífu sinnar meðan þeir sinna dansiballamennsku. Jakob Frímann og félagar ætla að flytja glaðbeitt gáfumannapopp á Bifröst á föstudagskvöld og lofa svo alvöru „sjó“-bisness í Sjallanum á sjómannahátíð. Mun það vera í fyrsta skipti sem **Valgeir Guðjónsson** kemur fram með Stuðmönnum á Akureyri síðan 1984 – svo öllum poppfræðum sé haldið til haga. - jbg

LÚÐUVEISLA
LÚÐUSNEIÐAR 1.690 KR/KG
(VERÐ ÁÐUR 2.190)
LÚÐUFLÖK 1.690 KR/KG
(VERÐ ÁÐUR 2.190)
STÓR HUMAR 3.990 KR/KG
(VERÐ ÁÐUR 6.990)
TILBOÐIÐ GILDIR Í DAG FÖSTUDAG
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Urðu veikar af þorramat

„Þær voru ekkert sérstaklega hrifnar af hákarlinum,“ segir Jökull Þorri Samper, starfsmaður Fjörukráarinnar.

Þáttur í raunveruleikaseríunni Britain´s Next Top Model, sem var tekinn upp á Íslandi í vetur, var nýverið frumsýndur í Bretlandi. Í honum fóru fyrirsæturnar á Fjörukrána þar sem þær áttu að borða þorramat fyrir framan myndavélarnar og segja á sama tíma: „Hollt og gott og best í heimi“ með bros á vör. Ekki gekk allt sem skyldi og köstuðu sumar þeirra upp í klósettið, enda maturinn afar framandi í þeirra augum. „Þetta er ekki beint það sem þær borða mest,“ segir Jökull. „Einhverjar af þeim eru grænmetisætur og þær táruðust bara þegar þær sáu þetta. En þær voru mjög rólegar og fínar en það var smá dramatík í kringum þær. Ég held samt að mikið af því hafi verið hálfgert leikrit fyrir myndavélarnar.“

Jökull á enn eftir að sjá þáttinn og hlakkar til að sjá útkomuna. „Britain´s Next Top Model er ekki beint það sem ég horfi á í sjónvarpinu en það væri allt í lagi að sjá hvernig þetta kemur út.“

Jóhannes Viðar Bjarnason, eigandi Fjörukráarinnar, segir að þrátt fyrir óbragðið sem maturinn skildi eftir sig hjá fyrirsætunum hafi þær verið ánægðar með móttökurnar sem þær fengu. „Þær voru bara mjög ánægðar með veru sína hérna.“

Stúlkurnar snæddu einnig kvöldverð í Perlunni þar sem einhverjar kvörtuðu yfir súpunni. Svo virðist því sem íslenskur matur hafi engan veginn höfðað til þeirra, þrátt fyrir að breskur matur hafi seint verið talinn sá gómsætasti í heimi. - fb



**JÓHANNES VIÐAR BJARNASON** Þátttakendur í Britain´s Next Top Model litu inn á Fjörukrána í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Ingvar E. Sigurðsson
DJÚPIÐ
Handrit og leikstjórn Jón Atli Jónasson
Djúpið er nýtt, íslenskt verk sem leikhús um alla Evrópu eru nú í óða önn að tryggja sér sýningarréttinn á. Djúpið er frásögn úr íslenskum veruleika sem lætur engan ósnortinn. Þetta er óður til allra þeirra íslensku sjómanna sem í gegnum aldirnar hafa haldið á djúpið.
Takmarkaður sýningartími, aðeins sjö sýningar.
05/06, 06/06, 11/06, 12/06, 18/06, 19/06, 21/06
Tryggðu þér miða strax.
FORLAGIÐ
Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## Farvegur skapandi hugsunar

Hjá krakkaskaranum sem gösladist um í einu úthverfi Reykjavíkur fyrir nokkrum áratugum voru bara fáeinir í langtíma skipulögðum frístundum. Flest okkar hinna prófuðum svona hitt og þetta, fimleika einn veturinn og fótbolta á sumrin, bara meðan ánægjan entist og alveg hreint metnaðarlaust. Í fljótu bragði man ég bara eftir henni Möggu sem hafði eitthvað úthald og æfði píanóleik árum saman. Mitt eigið tónlistaruppeldi einskorðaðist við Roger Whittaker og The Dubliners sem þá voru rosa heitir, en skipulagt músíknám gleymdist alveg. Þegar ég nefni þessa vanrækslu við móður mína í þeim tilgangi að kreista fram dálítið samviskubit, segir hún mér að skrifa þetta bara í svörtu bókina. Horfir svo fullkomlega ósnortin út um gluggann og tekur alls ekkert eftir eymdarsvip píslarvottarins.

**TIL** að bæta fyrir sinnuleysi eigin foreldra voru dætur mínar bara svona þriggja ára þegar farið var að huga að markvissri ræktun á hæfileikum. Sem augljóslega felast einkum í skapandi hugsun, eins og sést á hugmyndaauðgi þeirra innan heimilis. Dagleg lágmarkstiltekt felst iðulega í að þrífa sinnep af hurðarhúnunum og uppgötva að fíni sparijakki pabbans hefur verið notaður í búðarleik sem umbúðir utan um klósettburstann. Tímaritabörn sem dunda sér með öll fínu leikföngin inni í eigin herbergi er nefnilega ekki að finna heima hjá mér.

**TIL** að virkja endalaust hugmyndaflug (óþekkt), skapandi hugsun (óþekkt) og framkvæmdagleði (óþekkt) voru blessaðir grísirnir sumsé drifnir í skipulegt tónlistarnám. Eftir veturinn uppskárum við foreldrarnir gleðiklökka stund á vortónleikum í virðulegri kirkju. Þar lék millistykkið á píanó Kópavogur hoppstopp af aðdáunarverðri leikni og sú aggalitla spilaði dásamlega á smáfiðluna sína. Sem samanstendur raunar af fiðluformuðu frauðplasti, trépriki og þvottaklemmu og hljómar í samræmi við það.

**ÞAR** sem ég sat í sólinni um daginn og ræddi við vinkonu mína allskyns suzuki og waldorf og mikilvægi hvetjandi uppeldis, bar að þriðju móðurina. Sú hlustaði sposk á innblásnar umræðurnar dálítla stund en þurfti svo að skreppa til að gá að börnunum sínum. Þau voru einhvers staðar úti í móa að leika. Upp á eigin spýtur og alveg án skipulegrar aðstoðar.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 5. júní, 156. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.13 | 13.26 | 23.41 |
| Akureyri | 2.18 | 13.11 | 0.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# Stubbasmiðjan hættir

## Lagersala

## Allt á að seljast!

**Húsgögn • Smávörur • Barnaföt
Meðgöngufatnaður • Kerrur
Rúmföt • Rúmteppi • Mottur
og miklu fleira...**



## Allt að 90% afsláttur






**Aðeins í 3 daga
5.-7. júní
föstudag 12-18
laugardag 12-18
sunnudag 12-18**

STUB BASM IÐJAN

**Ekki missa af þessu!**

**Holtavegi bak við Holtagarða**